

ÁRSSKÝRSLA 2022

EFNISYFIRLIT

Formáli rektors	3
Skipurit	5
Háskólaráð	6
Fagdeildir	7
Landgræðsluskóli GRÓ	19
Rannsókn- og alþjóðasvið	21
Kennslusvið	24
Sjóðir á vegum Lbhí	25
Brautskráning	26
Starfsár nemendafélagsins	31
Endurmenntun	32
Mannauðs- og gæðamál	33
Rekstrarsvið	35
Ársreikningur	36
Umhverfismál	37
Markaðs og kynningarsvið	38
Rit Lbhí	39
Ritaskrá	40
Gildi	45



GÆÐAÚTTEKT, NÝSKÖPUN OG ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF TIL EFLINGAR LANDBÚNAÐARHÁSKÓLA ÍSLANDS

Á árinu 2022 var unnið að undirbúningi gæðaúttektar á starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands. Úttektin var lokaskrefið í annarri lotu rammaáætlunar um eflingu gæða í íslenskum háskólum sem hófst árið 2017. Gæðaráð íslenskra háskóla hefur umsjón með stofnunarúttektinni og skipar úttektarhóp með reynslumiklum erlendum sérfræðingum og einum fulltrúa íslenskra stúdenta. Úttektin fór fram í byrjun nóvember, en á fyrri hluta ársins var tekin saman sjálfsmatsskýrsla sem lýsir stöðumati á einstökum sviðum háskólans og hvernig unnið hefur verið að umbótum frá síðustu úttekt. Það var ötull hópur starfsmanna og nemenda sem tók þátt í ritun sjálfsmatsskýrslunnar og viðtölum við úttektarnefndina og er skemmst frá því að segja að úttektin tókst afar vel. Nefndin var ánægð með móttökur, hreinskiptar og opnar umræður og þann árangur sem náðst hefur hjá Landbúnaðarháskólanum á undanförunum misserum.

Á árinu 2022 var líkt og undanfarin ár unnið markvisst að uppfærslu reglna og stefnuskjala. Í janúar var loftslagsstefna og aðgerðaáætlun samþykkt. Þá voru einnig samþykktar reglur um framgang akademíks starfsfólks við Lbhí, reglur um nýráðningar og hæfismat akademískra starfsmanna við Lbhí og reglur um ótímabundna ráðningu akademíks starfsfólks við Lbhí. Í maí var ný alþjóðastefna samþykkt, jafnréttisáætlun var uppfærð, reglur um viðbrögð við einelti, kynferðislegu og kynbundnu áreiti voru samþykktar og reglur um akademísk gestastörf voru samþykktar.

Allar fagdeildir héldu áfram vinnu sinni við stefnumótun og stöðumat á innleiðingu stefnu Landbúnaðarháskóla Íslands fór fram á vormánuðum. Deild náttúru og skógar vann að undirbúningi nýrrar alþjóðlegrar meistaranámsbrautar í endurheimtarfræðum (Restoration Ecology) sem verður boðin í fyrsta sinn haustið 2023. Deild skipulags og hönnunar tók þátt í öflugum alþjóðlegu starfi um náttúrumiðaðar lausnir (nature-based solutions)

annars vegar á vegum norrænu ráðherranefndarinnar og hins vegar á vegum COST.

Jarðræktarhópur deildar ræktunar og fæðu var áberandi á árinu og voru sérfræðingar skólans fengnir til að taka saman skýrslu fyrir matvælaráðherra um mögulegan ávinning af aukinni kornrækt á Íslandi og fýsileika þess að koma upp kornpurkun og kornsamlagi hérlendis. Sérfræðingar okkar kynntu sér stöðuna í nágrennalöndunum og fengu til liðs við sig sérfræðinga og aðra hagaðila. Mikill stuðningur er við verkefnið frá stjórnvöldum, bændum og öðrum hagaðilum. Lögð er áhersla á mikilvægi þess að ný jarðræktarmiðstöð rísi sem fyrst til að styðja við uppbygginguna.

Mælingar á metanlosun frá iðragerjun nautgripa hófst í Hvanneyrabúinu á árinu eftir að búnaði hafði verið komið upp með styrk frá fyrrum umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Markmið verkefnisins er að rannsaka metanlosun íslenskra mjólkurkúa, ná traustum grunnildum og rannsaka í framhaldinu





hvort minnka megi losun frá jörturdýrum með breyttri fóðrun.

Unnið var áfram að endurbótum húseigna skólans í samstarfi við Framkvæmdasýsluna – Ríkiseignir (FSRE). Því miður er enn lokað fyrir gistingu í Gamla skóla, þar sem framkvæmdir reyndust umfangsmeiri en vonir stóðu til.

Stofnun Nýsköpunar- og þróunarseturs á Vesturlandi var samþykkt í háskólaráði í janúar 2022 og í maí var formlegur stofnfundur haldinn. Setrið fékk nafnið Gleipnir og stofnaðilar eru auk Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskólinn á Bifröst, Háskóli Íslands, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Borgarbyggð, Landsvirkjun, Orkustofnun, Íslandsstofa, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Símenntun Vesturlands, Breið-þróunarfélag, Hugheimar og Auðna-tæknitorg. Í nóvember tók nýr framkvæmdastjóri til starfa, Bjargey Anna Guðbrandsdóttir.

Önnur nýsköpunarverkefni efldust á árinu, Orkídea á Suðurlandi hefur unnið að fjölmörgum verkefnum, m.a. tengd grænum iðngörðum á Suðurlandi og voru undirritaðir nýir samningar vegna þessa. Þá er mikil uppbygging í Ölfusi og hjá Ölfus Cluster þekkingasetri og hjá NýVest – Nýsköpunarsetri Vesturlands og aðilum þess. Ný Samtök þörungafélaga á Íslandi voru stofnuð á árinu og er Landbúnaðarháskóli Íslands stofnaðili og með fulltrúa í stjórn.

Í ágúst var garðyrkjunám Landbúnaðarháskóla Íslands fært til Fjölbrautaskóla Suðurlands í samræmi við ákvörðun fyrrum mennta- og menningarmálaráðherra og fækkaði þá því miður nokkuð í nemendahópi Landbúnaðarháskólans.

Endurmenntun LbhÍ hélt áfram að eflast og bjóða ný námskeið. Reiðmaðurinn hefur gengið vel, sterkur hópur kennara um allt land hefur tekið þátt í þeirri uppbyggingu og nemendum hefur fjölgað. Þá er gaman að nefna sérstaklega fjárhundanámskeið sem hefur verið vel tekið og færri komist að en viljað. Áfram verður unnið að því að fjölga námskeiðum í samstarfi við hagaðila.

Í ágúst var tilkynnt um úthlutun til UNIGreen háskólanetsins sem er samstarf átta evrópskra háskóla á sviði landbúnaðar, líftækni og lífvísinda. Samstarfsaðilar koma frá Spáni, Portúgal, Ítalíu, Frakklandi, Belgíu, Póllandi og Búlgaríu. Markmiðið er að efla samstarf um rannsóknir, nýsköpun og menntun, og bæta miðlun þekkingar á þessum lykilsviðum. Landbúnaðarháskólinn var þar með annar íslenskra háskóla til að verða aðili að slíku neti en Háskóli Íslands er virkur aðili í Aurora samstarfsnetinu.

Í nóvember tók undirrituð þátt í vel heppnaðri ferð til Singapore á vegum háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Hópurinn heimsótti þar háskóla og stofnanir, en mikil gróska og nýsköpun hefur

einkennt Singapore á undanförunum árum, enda hefur miklum fjármunum verið varið til uppbyggingar rannsóknainviða hjá háskólunum og alþjóðlega þekktir sérfræðingar fengnir til starfa þar. Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra hefur lagt sig fram um að bæta fjármögnun íslenskra háskóla til að ná megi betri árangri á alþjóðavísu.

Landbúnaðarháskólinn var þátttakandi í 16 umsóknum til Samstarfssjóðs háskólanna, þar af í fimm umsóknum sem skólinn leiddi. Níu af þessum umsóknum fengust samþykktar, þar af tvær sem skólinn leiðir.

Loks er rétt að minnast á frábæra heimsókn starfsmanna til Wageningen háskólans (WUR) í Hollandi í október, þar sem mjög vel var tekið á móti okkur. Wageningen háskólinn er einn fremsti landbúnaðarháskólinn í heiminum og samstarfið við þá er því afar mikils virði fyrir Landbúnaðarháskóla Íslands.

Hér hefur verið stiklað á stóru og einungis fáum verkefnum eru gerð skil í þessum stutta pistli en af honum má sjá að Landbúnaðarháskóli Íslands er í mikilli sókn, alþjóðlegt samstarf hefur aukist, nemendum og starfsfólki fjölga og rannsóknvirknin eykst.

Nemendum, starfsfólki og öðrum samstarfsaðilum er þakkað fyrir árangursríkt samstarf á árinu 2022.



HÁSKÓLARÁÐ

REKTOR

REKSTUR

REKTORSSKRIFSTOFA

STJÓRN

GRÓ LANDGRÆÐSLUSKÓLI

RANNSÓKNIR &
ALPJÓÐASAMSKIPTI

KENNSLUSKRIFSTOFA
STARFSMENNTUN

FAGDEILD

RÆKTUN &
FÆÐA



BÚVÍSINDI
BS/MS/PHD



HESTAFRÆÐI
BS/MS/PHD



BÚFRÆÐI
STARFSNÁM

FAGDEILD

NÁTTÚRA &
SKÓGUR



SKÓGFRÆÐI
BS/MS/PHD



NÁTTÚRU- & UMHVERFIS-
FRÆÐI BS/MS/PHD



UMHVERFISBREYTINGAR
Á NORDURSLÖÐUM MS



ENDURHEIMT VISTKERFA MS

FAGDEILD

SKIPULAG
& HÖNNUN



SKIPULAGS-
FRÆÐI
MS



LANDSLAGS-
ARKITEKTUR
BS

FRAMHALDSNÁM

GRUNNNÁM

STARFSMENNTANÁM



HÁSKÓLARÁÐ

Rektor

Ragnheiður I. Þórarinsdóttir

Fulltrúar tilnefndir af
háskólafundi

Haukur Þórðarson

Jóhannes Sveinbjörnsson

Fulltrúi nemenda
tilnefndur af
nemendafélaginu

Varamenn: Áshildur Bragadóttir og Jóhanna Gísladóttir

Þorvaldur Ragnar Þorbjarnarson

Fulltrúi tilnefndur af
ráðherra

Varamaður: Aníta Ýr Atladóttir

Fulltrúar valdir
af háskólaráði

Lilja Björg Ágústsdóttir, lögmaður

Varamaður: Ingvar Pétur Guðbjörnsson, blaðamaður

Daði Már Kristófersson, prófessor við Háskóla Íslands

Þórunn Jónsdóttir, stjórnendaráðgjafi

Varamaður: Guðrún Sigríður Tryggvadóttir, bóndi Svartáarkoti
og umsjónarkennari Stórutjarnaskóla Þingeyjarsveit



FAGDEILDIR



RÆKTUN & FÆÐA

Póroddur Sveinsson, deildarforseti



Deild Ræktunar og fæðu (R&F) er einstök á Íslandi þegar kemur að rannsóknum, fræðslu og kennslu á sviði landbúnaðar.

Skipulag deildarinnar

Deildinni er skipt upp í þrjú megin fagsvið búvísinda; Búfjárrækt þar sem áherslan er á nautgriparrækt, sauðfjárrækt og hrossarækt; Jarðrækt þar sem rannsóknir snúast mikið um meðferð á ræktunarjarðvegi, plöntunæringu, nýja áburðargjafa, bættu nýtingu áburðar og ræktun nytjajurta við íslenskar aðstæður; Búrekstur og bútækni sem koma að ólíkum viðfangsefnum eins og húsvist búfjár, þróun nýstárlegra verkferla í jarðrækt og fóduröflun, mótvægisáðgerðum í loftslagsmálum og orkuskiptum í landbúnaði. Rannsóknir deildarinnar eru unnar víða um land en miðstöð þeirra er á jörðum Lbhí á Hvanneyri, Hesti og Mið-Fossum. Flest verkefni eru í samstarfi við aðra innlenda og erlenda háskóla, rannsóknastofnanir, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML), deildir innan Bændasamtaka Íslands, Mátis, Landgræðsluna og framsækna bændur.

Við deildina er starfrækt ein námsbraut á framhalds-skólastigi í búfræði og tvær námsbrautir til bakkalár gráðu (BSc): búvísindi og hestafræði. Einnig býður deildin upp á einstaklingsmiðað framhaldsnám (MSc og PhD) í búvísindum og hestafræði.

Nám á framhalds- og háskólastigi

Árið 2022 útskrifuðust 33 nemendur í búfræði, þar af 4 í fjarnámi. Þá útskrifuðust 8 á garðyrkjubrautum. Í háskólanáminu útskrifuðust 9 í búvísindum og einn í hestafræði á BSc stigi og einn í búvísindum á MSc stigi. Í lok árs voru samtals 57 búfræðinemar í staðarnámi og 15 í fjarnámi eða 72 alls. Í grunnnámi í búvísindum voru í lok árs 48 nemendur og þar af 19 (40%) í fjarnámi. Í hestafræði voru skráðir 20 nemendur og þar af 7 (35%) í fjarnámi. Í MSc námi eru skráðir 8 nemendur og 5 nemendur í doktorsnámi.

Brautarstjórar voru Helgi Eyleifur Þorvaldsson fyrir búfræði og Sigríður Bjarnadóttir fyrir búvísindi og hestafræði. Ingólfur Guðnason var brautarstjóri garðyrkjubrauta þar til þær voru fluttar í Fjölbrautaskóla Suðurlands (FSu) um mitt ár. Jóhannes Guðbrandsson sat tímabundið í Framhaldsnámsnefnd í stað Erlu Sturludóttur sem var í barneignarleyfi.

Ritstörf

Starfsmenn birtu 10 rit í ritröðinni Rit Lbhí og voru meðhöfundar að 18 ritrýndum greinum árið 2022.

Í framhaldi af tveimur skýrslum sem gerðar voru fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (nú matvælaráðuneytið) og komu út 2020 og 2021 var Jóhannesi Sveinbjörnssyni falið að móta tillögur að fæðuöryggisstefnu fyrir Ísland og voru tillögur hans kynntar víða og birtar í Riti Lbhí nr. 157; Aðgerðir til



að auka fæðuöryggi Íslands – tillögur og greinargerð.

Verkefnastyrkir og samstarf

Deildin fékk samtals tæplega 135 milljónir króna í verkefnastyrki, þar af 87% úr samkeppnissjóðum: 48 milljónir króna voru Rannís styrkir, 32 milljónir króna fengust úr Þróunarsjóðum búgreina, 15 milljónir úr Matvælasjóði, 15 milljónir úr erlendum sjóðum og 7 milljónir úr öðrum innlendum sjóðum.

Hér til hliðar eru talin upp ný verkefni sem fengu styrki úr samkeppnissjóðum á árinu. Þá eru ótaldir Nýsköpunarsjóðsstyrkir sem veittir eru nemendum fyrir sumarverkefni sem starfsmenn deildar stjórna.

Matvælaráðuneytið gerði samning við Lbhí til að vinna aðgerðaáætlun um eflingu kornræktar á Íslandi. Verkefnisstjórar eru Egill Gautason, Helgi Eyleifur Þorvaldsson og Hrannar Smári Hilmarsson.

Umhverfisráðuneyti og matvælaráðuneytið gerðu samning við Lbhí um mælingar á losun metans frá mjólkurkúm. Verkefnisstjórar eru Jóhannes Kristjánsson og Jóhannes Sveinbjörnsson.

Starfsmenn deildar eru þátttakendur eða meðlimir í ýmsum fjölbjóðlegum samtökum, eins og Public Private Partnership in pre-breeding (PPP), European Grassland Federation (EGF), Norræna Genbankanum (NordGen), European Federation of Animal Science (EAAP), Centre for Genetic Resources (CGR) og European Regional Focal Point for Animal Genetic Resources (ERFP).

- Bætt flokkun ræktunarjarðvegs með ösku-, kolefnis- og niturmælingum í mismunandi landgerðum
- Cow manure mixed with disinfecting/deodorizing additives as fertilizer
- Heimsóknafjöldi hjarðar í mjaltapjón í tengslum við frumutölu og nyt
- Heygæði við notkun sjálfbæra áburðargjafa
- Beit mjólkurkúa í mjaltapjónafjósi
- Losun metans og koltvísýrings frá iðragerjun nautgripa
- Gulur refasmári (Medicago falcata) sem fóðurjurt á norðlægum slóðum
- Kúabelgir - uppskera og fóðurgildi einærra belgurta
- Innlend próteinræktun til fóðurgerðar
- Áhrif magurra ára á þroskaferil, afurðir og endingu áa – í samhengi við langtímaþróun
- Bati bónuhlamba
- Vanhöld fjár að sumri
- Skordýr sem fóður
- Er grasið grænna hinum megin – Próteinframleiðsla úr grasi
- Áhrif lýsingar og CO₂ auðgunar á vöxt, uppskeru og gæði gróðurhúsátómata
- The role of Nordic research in transition to sustainable agro-marine food systems
- Áhrif mismunandi kjarnfóðurgjafar á vöxt holdablendinga – gerð reiknilíkans.
- Future Food Security in the Nordic-Baltic Region: Merging Past, Present, and Future

Ráðstefnur og fundir

Haldinn var vel heppnaður Ráðunautafundur 18.-19. ágúst 2022 á Hvanneyri í samstarfi við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML). Seinni dagurinn endaði með opnum spildudegi sem var mjög vel sóttur. Þar fengu gestir kynningu á jarðræktartilraunum og jarðræktarmiðstöð Lbhí og verkefnum RML.

Starfsmenn deildar tóku þátt í 27. ráðstefnu The Nordic Association of Agricultural Sciences (NJF) á Selfossi 27.-29. september. Jóhannes Sveinbjörnsson var með erindið Food Security of Iceland og Christina Stadler hélt erindið What must be considered in winter strawberry production under LEDs in Iceland?

Starfsmenn fóru erlendis á 6 alþjóðlegar fagraðstefnur og 8 vinnufundi, í tvær skólaheimsóknir og tvær ferðir til að kynna uppbyggingu og rekstri kornsamlaga.

Innviðaupbygging



Byrjað var að setja upp fullkomna búveðurstöð á Hvanneyri sem fékkst styrkur í árið 2021 úr innviðasjóði Rannís. Framkvæmdir hafa tafist en gert ráð fyrir að stöðin verði tilbúin sumarið 2023. Einnig hafa orðið tafir við að hefja byggingu á nýrri jarðræktarmiðstöð á Hvanneyri og óvíst hvenær framkvæmdir hefjast.



Starfsmannamál og stjórnsýsla

Um áramótin 2022/23 voru 30 starfsmenn með ráðningarsamning við deildina í um 26 ársverkum sem skiptust eins og sjá má hér að neðan.



Mannauður Ræktunar og fæðu í árslok 2022

Alls var gerður ráðningarsamningur við 7 nýja starfsmenn á árinu til skemmri eða lengri tíma. Fimm starfsmenn við deildina voru í MSc eða PhD námi á árinu. Fimm starfsmenn hurfu til annarra starfa eða fóru á eftirlaun. Þá eru við deildina 3 gestaprófessorar og einnig koma um 20 stundakennarar að kennslu.

Deildarfundir

Haldnir voru tveir deildarfundir á árinu, 5.-6. maí og 14. desember. Á fyrri fundinum var efst á baugi fyrir utan hefðbundna dagskrá stefna deildar og starfsmannamál. Yfirlýsing fundarins var þessi;


Deildarfundur Ræktunar & fæðu var haldinn dagana 5.-6. maí í veiðihúsi Laxár í Kjós þar sem vinnu við stefnu deildar var m.a. lokið. Kraftmiklar og góðar umræður sköpuðust um stöðu og framtíðarhorfur deildarinnar sem einkenndust af jákvæðni, metnaði og þeim tækifærum sem bíða landbúnaðarkennslu- og rannsókna í dag. Deildin sem og skólinn finna nú fyrir auknum meðbyr og áhuga bæði meðal ráðamanna sem og almennings.

Nauðsynlegt er að fjölga stöðugildum við deildina, bæði akademískum starfsmönnum, kennurum og almennu starfsfólki til að geta sinnt auknum nemendafjölda sem og til að geta fjölgað rannsóknaverkefnum deildarinnar enda er vilji til að fjölga og bæta rannsóknir og rannsóknaaðstöðu við deildina.

Það er mat deildar að brýn þörf sé á að miðla betur framgangi og niðurstöðum rannsóknaverkefna til almennings og hagsmunaaðila til að gera deildina sýnilegri. Þá er vilji til að endurhugsa uppsetningu á búfræði- og búvísindanáminu til að laga það sem best að síbreytilegum búskaparháttum hverju sinni. Nauðsyn er að hlúa vel að starfsfólki, ganga úr skugga um að upplýsingaflæði til starfsmanna sé gott og tryggja að sérfræðipækking og áhugasvið þess sé nýtt sem best með tilliti til verkefna og álags í starfi.

Á seinni fundinum var efst á baugi starfsmannamál og endurskoðun á námsbrautum R&F í framhaldi af sérstökum deildarfundum sem haldinn var 1. desember um þessi mál. Kynnt var samantekt

á skiptingu vinnutíma samkvæmt tímaskráningu starfsmanna og er hún sýnd á meðfylgjandi mynd.



Almenn störf eru dagleg og fagleg vinna sem ekki skráist á sérstök verkefni eins og t.d. tími í ferðalög, fundi, leiðbeiningar, kynningar, nefndir eða símenntun. Sérverkefni eru mest rannsóknaverkefni en einnig þjónustuverkefni, aðallega fyrir ráðuneyti.

Í deildarráði sátu: Helgi Eyleifur Þorvaldsson, Erla Sturludóttur, Jóhannes Kristjánsson, Jóhannes Sveinbjörnsson, Jón Hallsteinn Hallson, Jónína Svavarsdóttir, Sigríður Bjarnadóttir og Þóroddur Sveinsson.

Stjórnsýslustörf eru mest á höndum deildarforseta sem situr í framkvæmdastjórn og vísindanefnd LbhÍ.



SKIPULAG & HÖNNUN

Samaneh Nickayin, deildarforseti



Deild Skipulags og hönnunar (S&H) sinnir kennslu og rannsóknum í skipulagsfræði á meistarastigi (MSc) og landslagsarkitektúr á bakalárstigi (BSc) og er eini skólinn á landinu sem býður þessar tvær námsleiðir. Jafnframt er boðið upp á rannsóknartengt framhaldsnám til doktorsgráðu (PhD) í skipulagsfræði.

Starfsmenntabrautir í garðyrkju og skrudgarðyrkju sem kenndar voru á Reykjum tilheyrðu deildinni, en voru fluttar til Fjölbrautaskólans á Suðurlandi þann 1. ágúst samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytisins.

Nám á framhalds- og háskólastigi

Vorið 2022 útskrifuðust 22 úr deildinni, 2 með MSc í skipulagsfræði, 10 með BSc í landslagsarkitektúr og 14 með framhaldsskólapróf í blómaskreytingum og skrudgarðyrkju. Haustið 2022 voru 9 nýnemar í MSc í skipulagsfræði og 10 nýnemar í BSc í landslagsarkitektúr.

Nýir brautarstjórar árið 2022 voru Samaneh Nickayin fyrir landslagsarkitektúr og Astrid Blanche Narcissa Lelarge fyrir skipulagsfræði.

Haustið 2022 var hafist handa við endurskoðun MSc náms í skipulagsfræði með það að markmiði að efla og tryggja gæði námsins í takti við áskoranir og þarfir markaðarins. Vinnan fól m.a. í sér viðtöl við ábyrgðarmenn námskeiða og kennara. Sem hluti af þessu ferli leiddi Harpa Stefánsdóttir vinnu við umsókn í sjóð háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins sem ætlað er að hvetja til öflugssamstarfs allra háskóla á Íslandi um nám og kennslu þvert á stofnanir.

Sótt var um fyrir verkefni sem ber heitið „Efling þverfaglegar samvinnu um nám í skipulagsfræði“ sem unnið var í samstarfi við ýmsar deildir Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík og Listaháskóla Íslands.

Verkefnið snýr að mati á námskeiðum sem boðið er upp á og möguleg samstarfsform háskólanna

sem stuðlað getur að samlegðaráhrifum í eflingu þekkingar sem snýr að viðfangsefnum skipulagsmála og til að efla MSc nám í skipulagsfræði.

Ritstörf

Starfsmenn deildarinnar voru öflugir í skrifum á árinu og birtust ritrýndar greinar, bókakaflar og skýrslur. Nánari upplýsingar um ritstörf eru talin upp síðar í ársskýrslunni.

Verkefnastyrkir og alþjóðasamstarf

Deildin fékk í heild 31.800.000 kr. í styrki vegna rannsóknaverkefna. Má þar nefna veglega styrki úr Nýsköpunarsjóði námsmanna. Hermann Georg Gunnlaugsson, landslagsarkitekt, stundakennari og fyrrum brautarstjóri fékk 6 þriggja mánaða styrki til að ráða nemendur í verkefni tengd friðuðum gördum og náttúrulegum leiksvæðum barna.



Anna Kristín Guðmundsdóttir fékk þriggja mánaða styrk til að ráða nemanda í að skoða leiksvæði á norðurlóðum. Það verkefni vann útskriftarneminn Karen Lind Árnadóttir og var það valið sem öndvegisverkefni auk fimm annarra og fékk viðurkenningu forseta Íslands fyrir frábæran árangur.



Rannsóknir á garðplöntum hlaut 4.000.000 kr. styrk frá Sambandi garðyrkjubænda. Samson Bjarnar Harðarson, lektor stýrir verkefninu. Markmið verkefnisins er tvíþætt. Annarsvegar samanburðartilraunir á garðplöntum. Þar er þátttaka í samanburðarverkefni á vegum Euro-

Trial þar sem einn hópur plantna er reglulega borinn saman, t.d. yrki af einni tegund eða ættkvísl runna. Einnig verða gerðar einfaldar samanburðartilraunir á „nýjum“ ræktunarafríðum garðplantna. Hinsvegar verður unnið úr niðurstöðum Yndisgróðurverkefnisins sem unnið var á árunum 2007-2020 og heimasíða og gagnabanki uppfærður. Samson stýrði áður Yndisgróðurs verkefninu.

Eins og áður hefur komið fram leiðir Lbhí verkefnið; Efling þverfaglegs samstarfs um nám í skipulagsfræði og fékk það 20.800.000 kr. úr sjóði háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

Deildarforseti hefur leitt SITUATION verkefnið sem er fyrsta verkefnið af fimm í áætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um náttúrumiðaðar lausnir (NbS). Markmiðið var að sameina og kynna fyrirbyggjandi rannsóknir á NbS sem tengjast norrænni samvinnu. Deildin hlaut 7.000.000 kr. styrk og hafa 2 doktorsnemar lagt verkefninu lið. [Lokaskýrslan](#) var gefin út í nóvember.

Verkefnastjóri Íslands í evrópska verkefninu Human Cities-SMOTIES Creative er Astrid Lelarge. En verkefnið skoðar minni og afskekkt svæði og er stutt af Creative Europe áætlun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Ráðstefnur, fundir og heimsóknir

Mikið var um heimsóknir til deildarinnar en jafnframt fóru starfsmenn í heimsóknir og sátu fundi og ráðstefnur.

Í byrjun nóvember 2022 komu sex starfsmenn arkitektadeildar Listaháskóla Íslands og funduðu með starfsmönnum deildarinnar um frekara samstarf og

þau fjölmörgu sóknarfæri. Jafnframt var kynning á Yndisgróðursverkefninu og náminu í landslagsarkitektúr.



Sama dag fékk deildin 13 starfsmenn frá skipulagssviði Reykjavíkurborgar í heimsókn, starfsmenn deildarinnar töluðu um landslagshönnun í þéttbýli (e. Landscape urbanism).

Gestafyrirlesarar

Nokkrir gestafyrirlesarar komu og héldu fyrirlestra hjá S&H. Í ágúst, september og október var þremur gestafyrirlesurum boðið í gegnum Erasmus+.

Prófessor Fabio Di Carlo frá Ítalíu hélt fyrirlestra um „Designin with Water“ og „Italian School of thought in landscape design“.

Dimitra Teochari Ing. Arch. frá Þýskalandi hélt tvo fyrirlestra um „German School of thought in Landscape Design“ og „Flooding management strategy“.

Dr. Cinzia Capalbo frá Sviss hélt tvo fyrirlestra um „Participatory Design“.

Guðný Marta Guðlaugsdóttir landslagsarkitekt frá Danielssen í Kaupmannahöfn, Þráinn Hauksson landslagsarkitekt FÍLA. Anna Kristín Guðmundsdóttir





landslagsarkitekt FÍLA og ljósaönnuður, Erla Bryndís Kristjánsdóttir landslagsarkitekt og Jón Haukur Steingrímsson verkfræðingur tóku þátt í áföngunum Lark I og Lark III sem gestafyrirlesarar.

Haustið 2022 var sett upp sýning á teikningum og myndum eftir Mateju Kregar landslagsarkitekts frá háskólanum í Ljubljana en hún kom um vorið í sína þriðju heimsókn á vegum Erasmus+. Bæði kennarar og nemendur frá Ljubljana hafa komið til LbhÍ í gegnum Erasmus+ og nemendur og kennarar farið frá okkur til Ljubljana.

Rúmlega 40 nemendur tóku þátt í námskeiði um fuglaskoðunarskýli og stígagerð undir leiðsögn norðmannsins og arkitektsins Tormod Amundsen. Hópurinn samanstóð af nemendum af öllum námsárum landslagsarkitektúrs, náttúru- og umhverfisfræði, auk fjölda skiptinema.

Christine Gerad listakona og landslagsarkitekt frá Berlin stóð fyrir námskeiðinu Að skynja og skissa

umhverfið ásamt Helenu Guttormsdóttur sem alls 30 nemendur sóttu.

Fredrik Backmann arkitekt frá Osló var með námskeið í tölvustuddri hönnun.



Þessi fjöldi sérfræðinga sem kemur erlendis frá og kennir hjá okkur í landslagsarkitektúr með stuðningi frá Erasmus+ áætluninni vakti athygli Rannís sem gerði í framhaldi [kynningarmyndband](#).

Vorið 2022 unnu nemendur í áfanganum LARK IV, Mannvirki í landslagi, verkefni um Ramsarsvæðið og kynntu fjölbreytt verkefni um fuglaskoðun og endurheimt votlendis á Hvanneyri.

Haustið 2022 unnu nemendur í áfanganum LARK V, Arkitektúr og skipulag, verkefni um Grundarfjörð og kynntu lokaniðurstöður í samkomuhúsinu í Grundarfirði í desember. Landinn með Gísli Einarsson í broddi fylkingar var á staðnum og tók upp efni sem sýnt var í Landanum 19. febrúar 2023.

Í október fór 10 manna nemendahópur frá S&H í skoðunarferð til Zürich sem skipulögð var af deildarforseta sem jafnframt var fararstjóri. Helstu almenningssvæði borgarinnar voru skoðuð en jafnframt var hópnum boðið í ETH háskólann að skoða „Digital Landscape modelling laboratory“. Prófessor Girot og VOGT skrifstofan tók á móti hópnum þar. Svo var haldið til Feneyja þar sem sýningin „The milk of dreams“ var heimsótt. Ferðin veitti hópnum góða innsýn í mismunandi hönnun í Evrópu.

Deildin fékk til sín landslagsarkitektanemann Theodore Siegmund Teichman en hann hlaut styrk frá stofnun Leifs Eiríkssonar í Bandaríkjunum og kom sem gestanemi. Vann hann að verkefni „Soil Stories, Land Healers, and Dwelling in Damaged Worlds“



Conversations between restoration and landscape". Dvöl sinni lauk hann með sýningu um íslenskan jarðveg sem haldin var í gróðurhúsinu við Norræna húsið, þar sýndi hann mismunandi jarðvegsgerðir frá mismunandi landshlutum á Íslandi.

Þátttaka í ráðstefnum

Samaneh Nickayin var boðið sem fyrirlesari á fjórar ráðstefnur sem tengdust mismunandi viðfangsefnum í landslagsarkitektúr. Hún talaði um:

- Náttúrumiðaðar lausnir fyrir vatnavistkerfi í september 2022 í Reykjavík.
- Þéttbýlisskógrækt í júlí 2022, í Lizori á Ítalíu
- Strandlandslag á EURA- European research Association, í júní 2022 í Milánó á Ítalíu
- Hugmyndafræði breytinga í Scale of Design á ECLAS, European Council of Landscape Architecture Schools, í september 2022, í Ljubljana í Slóveníu. Samaneh og Helena voru fulltrúar Lbhí á ráðstefnunni.

Astrid Lelarge skipulagði fjölþjóðlegan fund Human Cities-SMOTIES; Skapandi hugsjón í litlum bæjum og dreifðari byggð, á Hvanneyri dagana 5.-8. júní 2022.

Helena Guttormsdóttir flutti erindi um Guðlaugu á Akranesi 6. júní 2022.

Astrid flutti erindi á málþingi sem skipulagt var í samstarfi við sveitarfélagið Borgarbyggð: Human Cities-SMOTIES í Borgarnesi þann 7. júní 2022.

Astrid var þátttakandi í alþjóðlegum fundi Human Cities-SMOTIES í Ljubljana 28. júní-1. júlí 2022. Jafnframt flutti hún erindi á almennu málstofunni: Opinber rými og þátttökuhönnun með skapandi



geira; að skoða út fyrir borgina þann 29. júní 2022.

Hún var einnig þátttakandi á alþjóðlegum fundi Human Cities-SMOTIES í Wales dagana 23.-27. september.

Sigríður Kristjánsdóttir var þátttakandi í Fullbright Arctic Initiative III -1. allsherjafundi í Reykjavík og Reykholti dagana 6.-11. júní.

Sigríður og Harpa Stefánsdóttir voru þátttakendur í PLANNORD 2022 -10th Nordic Planning Research Symposium.

Sigríður var fulltrúi Lbhí og Íslands í PLANNORD netinu í síðasta skipti og er Harpa nýr fulltrúi Lbhí.

Harpa sótti ráðstefnu á vegum Elsevier sem haldin var í Sitges á Spáni dagana 22.-24. október 2022. Ráðstefnan nefndist Urban Transitions 2022 - Integrating urban and transport planning, environment and health for healthier urban living. Erindi hennar nefndist: The role of urban design and planning in stimulating utilitarian walking - the context of a Nordic 'small city'.

Maria Wilke, doktorsnemi tók þátt í nokkrum alþjóðlegum rannsóknarverkefnum: NPA-styrkt verkefni Resilient Sustainable Coasts (COAST) kannar hvernig hægt er að styðja strandsamfélög í átt að sjálfbærri þróunarmarkmiðum. Íslenska rannsóknin beinist að þátttöku almennings í skipulagningu strand- og hafsvæða.

Verkefnið Social License for Operating in Aquaculture (SOLIC) rannsakaði hugmyndina um félagslegt samþykki í fiskeldi og bar saman Noreg, Tasmaníu og Ísland.

Samson tók þátt í Nordic arboretum Conference í Danmörku. Hann tók einnig þátt í Nordicgen ráðstefnunni á netinu og kynnti niðurstöður Yndisgróðurs á fundi Euro trial verkefnisins.



Í maí 2022 skipulagði Samaneh alþjóðlegt námskeið á Hvanneyri um náttúrumiðaðar lausnir í þétt- og dreifbýli á Íslandi. Námskeiðið var styrkt af COST Action, Circular City. Tíu erlendir nemendur og þrjú íslenskir tóku þátt ásamt fjórum erlendum kennurum. Námskeiðið var blanda af fyrirlestrum og vettvangsferðum þar sem skoðuð voru mismunandi



hringrásarhagkerfi sem nýta sjálfbæra orku auk fræðslu frá sérfræðingum á sviðinu. Að lokum kynntu nemendur tillögur sínar um hringrásarhagkerfi eða „Sjálfbært Landbúnaðarháskólasvæði á Hvanneyri“.

Norræn starfsmannaskipti

Helena Guttormsdóttir fékk styrk í gegnum norræn starfsmannaskipti og dvaldi hún í apríl og maí við Kaupmannahafnarháskóla (KU) og við SLU Alnarp í Svíþjóð. Starfaði hún í landslagsarkitektadeildum beggja skóla, samhliða sinni fjarkennslu við S&H og leiðsögn við BSc nemendur. Meðan á dvölinni stóð gefst henni kostur á að taka þátt í kennslu, halda fyrirlestra um nám við Lbhí, íslenskt landslag og landslagsarkitektúr, auk þess að taka þátt í rýnivinnu um gæði námsins í báðum háskólunum.

Innviðaupbygging

Nokkrar breytingar hafa orðið á skipulagi vinnusals á Hvanneyri og umhverfi nemenda. Tvær nýjar tölvur með nýjum hugbúnaði (Lumion) voru keyptar og bætt við aðstöðu nemenda.



Heimasíða Landslagsarkitektúrs var uppfærð vorið 2022 með nýjum verkefnum. [Sjá síðu hér](#). Stefnt er að árlegri uppfærslu síðunnar.

Starfsmannamál og stjórnýsla

Í desember 2022 voru fimm fastráðnir starfsmenn við deild S&H, þrjár fastráðnir í bakkalárnáminu í landslagsarkitektúr og tveir við meistaranámið í skipulagsfræði. Fyrrum brautarstjóri Sigríður Kristjánsdóttir skipulagsfræðingur sagði starfi sínu sem dósent lausu í júlí.

Frá því í september hafa starfsmenn deildarinnar fundað einu sinni í mánuði til að ræða málefni sem tengjast námsleiðum og rannsóknarstefnu.

Fyrsti fundurinn var um rannsóknarstefnu, þar sem allir starfsmenn kynntu bakgrunn sinn og rannsóknaráhugamál til að gera sameiginlega framtíðarrannsóknarstefnu.

Stefna deildarinnar hefur verið skrifuð og samþykkt af starfsmönnum deildarinnar. Unnið er í að þýða hana yfir á íslensku og að því loknu verður hún birt á heimasíðu Lbhí.



NÁTTÚRA & SKÓGUR

Bjarni Diðrik Sigurðsson, deildarforseti



Deild Náttúru- og skógar sinnir rannsóknum og kennslu í náttúrufræði, umhverfisfræði, skógfræði og endurheimt vistkerfa. Áhersla er lögð á umhverfismál, landið og nýtingu þess sem skapar Lbhí sérstöðu meðal háskóla á Íslandi.

Deildin býður uppá tvær námsbrautir í grunnnámi til bakkalár gráðu (BSc), Náttúru- og umhverfisfræði (NU) og Skógfræði (SKÓG). Deildin er einnig með tvær námsbrautir í alþjóðlegu framhaldsnámi til meistara-gráðu (MSc) sem kenndar eru á ensku. Annars vegar Nordic Master in Environmental Changes at Higher Latitudes (EnCHiL; Umhverfisbreytingar á norðurslóðum) með Háskólanum í Lundi í Svíþjóð og Helsinkiháskóla í Finnlandi, og hins vegar Restoration Ecology (Endurheimt vistkerfa). Einnig býður deildin upp á rannsóknatengt framhaldsnám til meistara- og doktorsgráðu í NU, SKÓG og landgræðslufræðum (LAND).

Námið 2022

Brautarstjórar í árslok 2022 voru Fanney Gísladóttir fyrir Náttúru- og umhverfisfræði, Páll Sigurðsson fyrir Skógfræði og Alejandro Salazar fyrir EnCHiL Nordic

Master námsbraut. Brautarstjóri hafði ekki enn verið skipaður fyrir Restoration Ecology sem taka mun til starfa haustið 2023.

Haustið 2022 voru háskólanemar alls 114 við deild Náttúru og skógar og skiptust þeir í 64% (73) grunnnám á háskólastigi (BSc), 26% (30) í meistaranám og 10% (11) í doktorsnám. Fjöldinn í BSc námi skiptist þannig að 52% eru í NU og 48% í SKÓG. Meistaraneimar skiptust á milli námsleiða í 27%, 20%, 3% og 50% á milli NU, SKÓG, LAND og EnCHiL Nordic Master.

Á árinu innrituðust 9 í framhaldsnám við deildina, 3 nýir meistaraneimar í rannsóknatengt meistaranám (2 í NU og 1 í SKÓG) og 6 innrituðust í EnCHiL Nordic Master.

Árið 2022 útskrifuðust alls 14 nemendur frá deildinni,

67% með BSc (10 frá NU og 4 frá SKÓG), og 24% (5) með sameiginlega MSc-gráðu frá EnCHiL Nordic Master. Einn með meistara-gráðu frá NU og einn nemandi, Sumjidmaa Sainnemekh, varði doktorsritgerð sína á sviði umhverfisfræða sem var í samstarfi við GRÓ-LRT. Ritgerðin bar heitið Hnignun beitolanda í Mongólíu — mynstur og drifkraftar e. Patterns and drivers of rangeland degradation in Mongolia.

Það að álíka margir luku framhaldsnámi (7) á árinu en sem innrituðust í framhaldsnám (9) við deildina er nokkur nýlunda og í sjálfu sér góðar fréttir. Vegna mikillar árlegrar fjölgunar í framhaldsnámi skólans síðasta áratuginn þá var útskriftarhlutfallið mun lægra lengstum. Til lengri tíma litið viljum við að sem mest jafnvægi sé þarna á milli og að brottfall sé í lágmarki.





Verkefnastyrkir 2022 og alþjóðasamstarf

Árið 2022 fékk deildin alls um 132 milljónir króna í styrki í rannsóknaverkefni í gegnum 25 umsóknir. Þar af voru 95% úr samkeppnissjóðum. Þar af vógu þyngst sjóðir RANNÍS með 60% styrkfjár, Doktorsnemasjóður umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins með 16% styrkfjár, Norrænir sjóðir með 8%, Orkurannsóknasjóður LV 6%. Engir styrkir fengust úr Evrópusjóðum þetta árið, en lokagreiðslur í þeim Evrópuverkefnum sem eru í gangi koma síðar.

Helstu styrkveitendur, verkefni og aðalumsækjendur sem fengu styrki voru:

- RANNÍS – Birkivist. Ása L. Aradóttir
- RANNÍS – TundraSalad. Isabel C. Barrio
- RANNÍS – Áhrif ryks. Pavla Dagsson-Waldhauserová
- RANNÍS – Pelagicus. Hlynur Óskarsson
- Orkurannsóknasjóður Landsvirkjunar - Nokkur verkefni. Hlynur Óskarsson, Pavla Dagsson-Waldhauserová, Bjarni Diðrik Sigurðsson, Mathilde Defourneaux
- Doktorsnemasjóður umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis. Þrjú doktorsverkefni með Bjarna Diðrik Sigurðsson, Ruth Phoebe Tchana, Asra Salimi og Amir Hamidpour
- Vísinda- og rannsóknasjóður Suðurlands. Stephen Hurling

- Orkustofnun – Bjarni Diðrik Sigurðsson
- Reykjavíkurborg – Hafnalíf. Hlynur Óskarsson
- VOR Orkuveita Reykjavíkur. Ólafur Arnalds
- Safnasjóður – Landbúnaðarsafnið, nokkur verkefni. Ragnhildur Helga Jónsdóttir
- Uppbyggingarsjóður Vesturlands – Landbúnaðarsafnið, nokkur verkefni. Ragnhildur Helga.

Starfsmenn voru einnig þátttakendur í ótöldum rannsóknaverkefnum (t.d. Evrópskum rannsókn- og samstarfsverkefnum) þar sem aðalumsækjandi er starfsmaður annarrar stofnunar/háskóla.

Þá fengust einnig þó nokkrir styrkir frá Nýsköpunarsjóði námsmanna fyrir sumarstörf/rannsóknir nemenda undir stjórn starfsmanna deildarinnar. Má þar nefna verkefni Maríu Rúnar Þrándardóttur, EnCHiL nemanda sem nefndist „Mót myndlistar og rykrannsóknar á Íslandi“ sem var tilnefnt til Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands.

Ritstörf

Starfsmenn deildarinnar voru höfundar að 50 ritrýndum greinum árið 2022. Nokkrar af þessum greinum birtust í alþjóðlegum ritum með mjög háan áhrifastuðul, svo sem:

- Science Advances
- Nature – Ecology and Evolution
- Science of the Total Environment
- Ecology Letters
- Global Change Biology
- Journal of Ecology
- Geoderma
- Oikos
- Soil Biology & Biochemistry
- Biogeosciences
- Journal of Hydrology

Að auki birtu starfsmenn margar greinar og skýrslur á íslensku á öðrum fræðilegum vettvangi, skrifuðu greinar í tímarit og dagblöð og komu fram í ljósvakamiðlum.

Starfsmannamál

Í desember 2022 voru 25 launaðir starfsmenn við deild Náttúru og skógar. Prófessorar, dósentar og lektorar eru 44% (11), 24% (5) eru í launuðum doktorsnemastöðum, 16% (4) vinna við GRÓ-LRT, 8% (2) gegna stöðum aðjúnkta og 8% (2) eru með önnur starfsheiti. Að auki eru 2 með stöður gestaprófessora við deildina.





Hlynur Óskarsson og Isabel C. Barrio hlutu framgang í störf prófessora í júlí að afloknu faglegu mati á rannsóknastarfi þeirra, kennslu og stjórnun. Pavla Dagsson-Waldhauserová var ráðin í starf lektors í umhverfisvísindum, en hún hafði starfað sem nýdoktor við skólann í nokkur ár og byggt upp öflugt alþjóðlegt rannsóknasamstarf.

Úlfur Óskarsson sagði upp starfi sínu hjá deildinni á árinu, Björgvin Eggertsson færðist yfir til FSU með starfsmenntanáminu á Reykjum og Páll Sigurðsson, brautarstjóri Skógfræðibrautar, hvarf einnig til annarra starfa í árslok. Þeim er öllum þakkað gott og farsælt samstarf. Auglýst var eftir lektor í skógfræði en ekki tókst að fylla stöðuna og verður hún auglýst aftur síðar

Stjórnsýsla

Á árinu 2022 voru haldnir tveir deildarfundir, þann 3. maí og 12. desember. Þar var m.a. unnið að stefnu deildar og ýmis fagleg mál rædd. Á seinni fundinum var talsvert rætt um starfsmannamál og launamál við Lbhí, og í kjölfarið var eftirfarandi yfirlýsing send rektor og háskólaráði:

Dear Rector and University Council,

The Faculty of Environmental and Forest Sciences had its last meeting on December 12, 2022. We would like to bring to the attention of the rector and the University Council the concerns that were raised at the meeting.

Since the faculty was established in January 2020, we have recruited 8 non-permanent faculty members (7 PhD students and 1 research assistant) and 2 faculty members have moved from temporary to permanent positions; however, we have lost 3 permanent faculty members (and one non-permanent faculty member by the end of 2022). This situation is particularly worrying for Forest Sciences, where we will only have one faculty member after the end of 2022. An academic position in this field was advertised in April 2022 but it was not filled; this position will be re-advertised shortly.

During the meeting, participants expressed their concern on the future of the faculty, arguing that a key reason for the low retention of faculty members is that salaries at Lbhí are significantly lower than those of other governmental institutions in the same field. The union agreement with FÍN, to which many faculty members belong, have been ongoing on for several years now, with no satisfactory agreement.

We request that the University takes appropriate steps to ensure that salaries are competitive enough to attract good candidates and ensure retention of faculty members.

Deildin samþykkti jafnframt í október stofnun nýrrar alþjóðlegrar meistaranámsbrautar í Endurheimtarfræðum (Restoration Ecology) sem síðan var staðfest af háskólaráði í nóvember.

Ráðstefnur og fundir 2022

Helstu ráðstefnur og fundir sem nefndar voru í vikulegum fréttapistlum deildarinnar á árinu voru:

- Pavla Dagsson Waldhauserová skipulagði Evrópsku vinnustofuna „High Latitude Dust workshop“ á Keldnaholti 15.-16. febrúar.
- Deildin tók einnig þátt í skipulagningu hinnar árlegru Fagráðstefnu skógræktar sem fram fór á Hótel Haukadal dagana 29.-30. mars.
- Vorráðstefna Vistfræðifélagsins í Reykjavík í apríllok var vel sótt af starfsmönnum og doktorsnemum.
- Nokkrir starfsmenn og doktorsnemar deildarinnar tóku einnig þátt í Norrænu Vistfræðiráðstefnunni (NSO Conference) í júní í Árósum í Danmörku.
- Bjarni Diðrik Sigurðsson skipulagði alþjóðlega málstofu hjá FutureArctic Evrópuverkefninu 9.-11. október í Hannesarholti í Reykjavík.

Þetta er alls ekki tæmandi listi en gefur hugmynd um fræðilega virkni deildarinnar.





LANDGRÆÐSLUSKÓLI GRÓ

Sjöfn Vilhelmsdóttir, forstöðumaður

Landgræðsluskóli GRÓ (GRÓ Land Restoration Training Programme/GRÓ LRT), lauk sínu þriðja starfsári undir merkjum GRÓ og í samvinnu við UNESCO, en áður var skólinn starfræktur í samvinnu við Háskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU) frá 2010 til 2020. Þar á undan starfaði Landgræðsluskólinn sem þróunarverkefni utanríkisráðuneytisins frá stofnun skólans árið 2007. Landgræðsluskólinn er fjármagnaður af utanríkisráðuneytinu, í gegnum GRÓ þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu, sem hluti af alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands, en skólinn er hins vegar hýstur af Landbúnaðarháskóla Íslands.

Starfsemi Landgræðsluskólans hefur það markmið að aðstoða fátæk lönd sem glíma við landhnignun með því að bjóða upp á sérsniðið nám og þjálfun í landgræðslufræðum fyrir sérfræðinga frá þessum löndum. Unnið er með lykilstofnunum í hverju landi fyrir sig, líkt og háskólum, ráðuneytum og umhverfisstofnunum. Megináherslan í starfi Landgræðsluskóla GRÓ er árlegt sex mánaða nám í landgræðslu og sjálfbærri landnýtingu sem fer fram á

Keldnaholti frá mars til september. Landgræðsluskólinn hefur alltaf verið rekinn í nánú samstarfi við Landgræðsluna og koma sérfræðingar hennar mikið að kennslu við skólann auk leiðbeinslu nemendaverkefna. Að auki sitja tveir starfsmenn Landgræðslunnar í fagraði skólans, sem og tveir starfsmenn LbhÍ, ásamt einum starfsmanni matvælaráðuneytisins, en í fagraðinu fer fram vinna við fag- og námsþróun Landgræðsluskólans.

Árið 2022 tóku 19 sérfræðingar þátt í sex mánaða námi Landgræðsluskólans, allt starfandi sérfræðingar hjá samstarfsstofnum skólans í Afríku og Mið-Asíu. Hópurinn samanstóð af sjö konum og 12 körlum sem komu frá Gana, Kirgistan, Malaví, Mongólíu, Lesótó, Úsbekistan og Úganda, auk þess sem fyrsti neminn frá Nígeríu var þáttakandi í náminu í gegnum samstarfsverkefni Landgræðsluskólans og MAB (Man and Biosphere) verkefnis UNESCO.

Sex mánaða nám Landgræðsluskólans skiptist í tvo meginhluta: Fyrstu þrjá mánuðina er áherslan í náminu á fyrirlestra, hópavinnu og vettvangsferðir, meðan seinni

hlutinn er tileinkaður einstaklingsverkefnum þar sem hver og einn nemi vinnur að rannsóknarverkefni sem tengist aðstæðum eða viðfangsefni í sínu heimalandi. Til þess að útskrifast úr náminu þurfa sérfræðingarnir að framkvæma einstaklingsrannsókn, kynna hana ásamt því að skila inn skýrslu um rannsóknina, fyrir utan það að sækja alla fyrirlestra og vettvangsferðir sem eru á dagskrá námsins. Útskriftardagur sex mánaða námsins árið 2022 var 14. september og fór athöfnin fram á Keldnaholti.

Frá og með árinu 2022 er sex mánaða nám Landgræðsluskólans einnig kennt sem 30 ECTS eininga diplómanám í landgræðslufræðum í deild Náttúru og skógar. Með þessari breytingu er búið að skilgreina sex mánaða nám Landgræðsluskólans sem tvö 15 ECTS námskeið, þar sem fyrri námskeiðið nær yfir fyrstu þrjá mánuði námsins (fyrirlestrar og vettvangsferðir) og seinna námskeiðið nær yfir einstaklings rannsóknarverkefni nema.





Annar þáttur í starfsemi Landgræðsluskólans er að styrkja fyrrum nemendur sex mánaða námsins til frekara náms við íslenska háskóla. Í ársbyrjun 2022 voru þrjár fyrrum namar Landgræðsluskólans í háskólanámi á Íslandi á námsstyrk frá Landgræðsluskólanum. Þetta voru annars vegar Sumjidmaa Sainnemekh frá Mongólíu sem hóf doktorsnám við Lbhí haustið 2019, en hún lauk náminu í nóvember 2022 með því að verja doktorsritgerð sína við hátíðlega athöfn á Keldnaholti. Ritgerðin nefnist: Patterns and drivers of rangeland degradation in Mongolia (Hnignun beitalanda í Mongólíu – mynstur og drifkraftar). Aðalleiðbeinandi var Dr. Isabel Barrio, prófessor og deildarforseti hjá Lbhí, en aðrir leiðbeinendur voru Dr. Ása L Aradóttir, prófessor við Lbhí, Dr. Brandon Bestelmeyer frá US Department of Agriculture-Agricultural Research Service, og Dr. Bulgamaa Densambuu, frá Mongolian National Federation of Pasture User Groups. Hins vegar voru tveir fyrrum namar frá Eþíópíu, Muez Heilu Weldetnsae og Tesfay Berihu Gebremicheal í meistaranámi við Lbhí við deild Náttúru og skógar,

en þeir hlutu tveggja ára meistaranámsstyrk frá Landgræðsluskólanum haustið 2021.

Landgræðsluskólinn hefur einnig staðið fyrir vettvangsnámskeiðum í samvinnuviðsamstarfsstofnanir sínar í Afríku og Asíu þar sem íslenskir og þarlendir sérfræðingar sjá um skipulag og kennslu. Á árunum 2017 til 2019 stóð Landgræðsluskólinn fyrir stuttum vettvangsnámskeiðum með samstarfsstofnunum sínum í Mongólíu og Úganda. Vegna heimsfaraldursins féll slíkt námskeiðahald niður árin 2020 og 2021, þótt fjárhagslegur stuðningur hafi verið veittur samstarfsstofnunum í Mongólíu til námskeiðshalds í Mongólíu árið 2021. Árið 2022 tók Landgræðsluskólinn þátt í að halda 5-daga námskeið í Eþíópíu í samstarfi við Arba Minch University í Eþíópíu og þýsku stofnunina Economics of Land Degradation Initiative (ELD). Framlag Landgræðsluskólans til þess námskeiðs var þróun námskrár og fyrirlestrar sérfræðinga frá Lbhí og Landgræðslunni, en fyrirlestrarnir voru teknir upp áður og síðan notaðir á námskeiðinu.

Að auki stóð Landgræðsluskólinn í samvinnu við samstarfsaðila sína að hliðarviðburði á vettvangi UNESCO og alþjóðlegri ráðstefnu á árinu. Á ársfundi UNESCO Man and Biosphere Programme (MAB), sem fór fram í höfuðstöðvum UNESCO í París í júní, var haldinn hliðarviðburður þar sem Landgræðsluskólinn og fulltrúar MAB verkefnisins sögðu frá samstarfi þeirra tveggja og kynntu starfsemi Landgræðsluskólans. Í nóvember stóð Samarkand háskólinn í Úsbekistan að alþjóðlegri ráðstefnu um beitarlönd þar sem Landgræðsluskólinn var einn af fimm alþjóðlegum samstarfsaðilum að ráðstefnunni. Framlag Landgræðsluskólans var að fá sérfræðinga frá Lbhí og Landgræðslunni til að kynna rannsóknaverkefni sín á ráðstefnunni, auk þess að auglýsa ráðstefnuna meðal fyrrum nema sex mánaða námsins.

Fjögur stöðugildi eru hjá Landgræðsluskóla GRÓ en auk þess koma fjölmargir samstarfsaðilar að verkefnum tengdum starfsemi skólans, aðallega við kennslu og leiðbeiningu rannsóknaverkefna nemanna. Frá upphafi starfsemi Landgræðsluskólans árið 2007 hafa alls 175 sérfræðingar útskrifast úr árlegu sex mánaða námi skólans, 83 konur og 92 karlar. Virk samstarfslönd Landgræðsluskólans eru nú 10, fjögur lönd í Mið-Asíu og sex lönd í Afríku.

Heimasíða Landgræðsluskólans er www.grolrt.is (á ensku) og einnig er skólinn á Twitter, Facebook og LinkedIn, þar sem margvíslegar upplýsingar og fréttir frá starfinu eru birtar.



RANNSÓKNA- & ALPJÓÐASVIÐ

Christian Schultze, rannsóknar- og alþjóðafulltrúi

Lbhí tekur virkan þátt í alþjóðlegum nemenda- og kennaraskiptum í gegnum menntaáætlun Evrópusambandsins Erasmus+, menntaáætlun Nordplus og tvíhliða samninga sem skólinn hefur gert við skóla sem ekki falla undir þessar áætlanir.

Skiptinemar frá Lbhí

Skólaárið 2022-2023 fóru 10 nemendur (sex á haustönn, fjórir á vorönn) frá Lbhí í skiptinám á vegum Erasmus styrkja, bæði á BSc og á MSc stigi. Nemar Lbhí voru í námi í Helsinki, í Lundi, í Wageningen og í Vínarborg.



10 búfræðinemar Lbhí fóru á vorönn 2022 í verknám til Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar á vegum Erasmus+ verkefnis sem heitir Agricultural Exchange Iceland og NordPlus verkefnis Swedlce.

Skiptinemar til Lbhí

Haustönn 2022 stundaði 21 skiptinemi nám við Lbhí frá Svíþjóð, Frakklandi, Hollandi, Póllandi, Ítalíu, Sviss, Tékklandi og Þýskalandi. Á vorönn 2023 komu fjórir skiptinemar til Lbhí. Þrír nemar komu frá Svíþjóð, Frakklandi og Hollandi til að vera í starfsþjálfun hjá Lbhí yfir sumarið 2022.

Starfsmannaskipti

Árið 2022 sóttu sex starfsmenn um Erasmus styrki til að fara í gestakennslu eða starfsþjálfun.

Átta kennarar og starfsmenn komu haustið 2022 til Lbhí sem gestakennarar.

Rannsóknir

Í árslok 2022 voru samtals 38 akademískir starfsmenn og sérfræðingar starfandi við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Við skólann voru árið 2022 starfrækt 115 rannsóknar- og samstarfsverkefni og var fjölbreytni þeirra veruleg.

Sértektur úr innlendum og erlendum rannsóknasjóðum, ásamt sérstökum framlögum frá fyrirtækjum og öðrum aðilum voru 351,7 m ISK árið 2022.



Akademískir starfsmenn við LbhÍ í árslok 2022 og menntun þeirra

	BSc	MSc/MA	PhD	ALLS
PRÓFESSORAR (ásamt rektor)			10	10
DÓSENTAR			3	3
LEKTORAR	1	5	6	12
AÐJÚNKAR	1	5		6
SÉRFRÆÐINGAR		4	3	7
SAMTALS				38

LbhÍ tók samtals þátt í 76 umsóknum úr samkeppnissjóðum. Samþykktar voru 55 umsóknir, á meðan 21 umsókn var hafnað. Árangurshlutfall styrkjaumsókna var 72% fyrir árið 2022.

Rannsóknaverkefni sem unnið er að við skólann eru afar fjölbreytt og ná yfir vítt svið umhverfis, skipulags, landbúnaðar og auðlindanýtingar. Starfsmenn kynna niðurstöður rannsókna sinna á margvíslegan hátt, með greina- og skýrsluskrifum, kennslu, fyrirlestur, ráðstefnum og á samfélagsmiðlum. Mikil áhersla er lögð á birtingu í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum og bókum, og komu 75 slíkar út á árinu. Auk þess gefur skólinn út Rit LbhÍ og komu þar út 13 titlar (sjá síðu 39). Starfsmenn skólans eru margir virkir í norrænu og alþjóðlegu samstarfi á sínum fræðasviðum.

Virk rannsókn- og samstarfsverkefni við Landbúnaðarháskóla Íslands 2022

- In situ varðveisla erfðaefnis í gömlum túnum
- Vegvist—Endurheimt staðargróðurs
- Afkvæmarannsóknir á Hesti
- Landbætur á sandsvæðum
- PPP rýgresi
- Áhrif lúpínu á endurheimt birkivistkerfa
- Sameindakynbætur í byggi
- CAR-ES—Norrænt öndvegis-setur um rannsóknir á vistkerfis-þjónustu skóga
- FornDNA
- Áhrif upphitunar á sitkaskóg (ForHot)
- Kornrækt og sáðskipti
- NUTR-CYCL—næringahringrásir í skóglendi
- Heiðrún—skýrsluhald
- Ýmir—gagnagrunnur um íslenskan jarðveg
- Grænmeti og ber í ylraekt
- Áhrif loftslagsbreytinga á lífríki jökulskerja
- Sláttutími grastegunda
- Rannsóknir á landnámi og vistkerfismyndun á Surtsey
- Ofanvatn
- Norrænt tengslanet um rannsóknir á norðurslóðum
- Áburður á afréttum
- Landnýtingargrunnur og bindibókhald (LULUCF)
- Bygg 2020 – Korn til bænda Langtíma tilraunir á Hvanneyri
- Circular City – COST
- Endurheimt votlendis
- Mannakorn - Hafnar
- Litla-Skarð, alþjóðlegt vöktunarsamstarf
- FutureArctic
- Strókur—hreyfing á sandi og ösku á Suðurlandi
- TreProX—Innovations in Training and Exchange of Standards for Wood Processing
- Hafnarlíf—úttekt á vatnsgæðum fyrir Faxaflóahafnir
- CarbonPar
- Gilsárlón—mælingar á losun gróðurhúsalofttegunda
- COAST-NPA / Sustainable Resilient Coasts
- ITEX—áhrif loftslagsbreytinga á vistkerfi
- Áburðarsvörum túna
- Water-Pro—Afrennsli frá landbúnaði
- Rjúpulíkan
- MOBISH—Uppruni og aðlögun íslenska sauðfjárkynsins
- Fiskveiðar til framtíðar
- STOICA
- Charter: Knowledge on Arctic biodiversity change and social-ecological systems
- Erfðamengi íslensku geitarinnar
- MGL - Gunnarsholt
- Ræktun matsveppa á úrgangsefnum frá skógrækt og landbúnaði
- Áhrif ryks
- Sáðráð - bylting jarðar
- Ryk og sót
- GoGoat
- Bokashi
- Skeiðfoss
- Fóðurgildi grastegunda
- Hagavatn
- Exploring the genetic regulation of ability and quality of gaits in Icelandic horses
- BirkiVist - Endurheimt birkivistkerfa á 21. öld—áskoranir, leiðir og ávinningur
- Proski kvígna
- Heilsæði
- Cool Science
- Kolefnislosun jarðvegs
- SOLIC
- Fæðuöryggi - ANR



Virk rannsókn- og samstarfsverkefni við Landbúnaðarháskóla Íslands 2022

- LIFEPLAN
- Samþætting þekkingar og þátttaka haghafa við vöktun og mat á gróður- og jarðvegsauðlindum íslenskra beitarsvæða
- TUNDRASalad - Grasbítar á norðlægum slóðum: tengsl fjölbreytni og starfsemi
- Pelagicus - Distribution, population dynamics and conservation status of Iceland's nocturnal seabirds
- TRAPP
- AfSkurður
- ExGraze
- Fóðurframleiðni í sauðfjárrækt
- Kálfalækur
- Korn
- Repja
- Kálfadauði
- Holdafar íslenskra mjólkurkúa

- S-ITUATION NBS
- Lambstress
- Greenfeed-metanbás
- Arfgerðargreining muskóttra hrossa
- ENG-BP
- Vatnshamravatn

Verkefni sem komu ný inn á árinu

- Refasmári
- VMST - skordýr
- Bætt kúamykja
- Skurðir
- Skordýr sem fóður
- Kúabelgir
- U-Green
- Beit mjólkurkúa
- Áfoksmýri
- Sýrland

- Bætt flokkun ræktunarjarðvegs
- Beit mjólkurkúa í mjaltapjónafjösi
- Iðragerjun nautgripa
- Efling kornræktar - MAR
- Áhrif magurra ára á þroskaferli, afurðir og endingu áa
- Vanhöld að sumri. Hvað verður um lömb sem vantar af fjalli
- Assessing the faecal nutrient contribution of the herbivore community on the Icelandic tundra
- Áhrif lýsingar og CO₂ auðgunar á vöxt, uppskeru og gæði gróðurhúsatómata
- Endurheimt votlendis sem loftslags-aðgerð
- Erfðastuðlar fyrir kýr
- Oppdal
- COAST ACTION - Traces as Research Agenda for Climate Change, Technology Studies and Social Justice

- MariPet
- Samráðsvettvangur loftlags-aðgerða - MAR
- Grasaprótein
- Staðalþungi sauðfjár
- Trace Gas Analyzer
- SNS BARK BEETLES
- Carbon balances of a drained and rewetted peatlands in Iceland
- ÍsYrki
- UNIGreen
- AXIS II
- How does soil warming, grazing and drought affect carbon uptake in Icelandic grasslands



KENNSLUSVIÐ

Álfheiður Marinósdóttir, kennslustjóri

Meginmarkmið kennslusviðs er að tryggja gott skipulag á daglegu kennslustarfi skólans og veita nemendum og starfsfólki almennar upplýsingar og þjónustu

Helstu verkefni

Covid litaði upphaf skólastarfsins og töluvert var um veikindi í lok árs. Á vormánuðum fékk kennslusvið liðsauka en þá hóf störf sérlegur deildarfulltrúi framhaldsnáms. Haustið 2022 var ákveðið að skipta alfarið yfir í prófaapp Inspira er nefnist í daglegu tali IEP og hefur það gengið að mestu vel. Starfsfólk kennsluskrifstofu tók þátt í gæðaúttektinni, sat fundi nefndarinnar, skrifaði kafla í lokaskýrslu og las hana yfir.

Farið var í vinnu við að uppfæra og samræma kennsluáætlunareyðublað og það kynnt kennurum til notkunar. Á haustmisseri kallaði ráðuneyti háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar (HVIN) eftir tengilið kennslusviðs í vinnuáætlunaráðgjafaráð með öllum háskólunum, annars vegar um sameiginlega innritunargátt (umsóknagátt)

allra háskólanna og hins vegar um gagnaskilgreiningakerfisins Mímis sem á að auðvelda HVIN aðgengi að gögnum og upplýsingum um starfsemi háskóla. Kennsluskrifstofa er þátttakandi í samstarfsverkefni háskóla um Gæði háskólakennslu á stafrænum tíma: Starfspróun háskólakennara. Þó álag sé mikið á kennslusviði gekk starfið að jafnaði vel á árinu 2022 og er teymið þétt og reynslumikið.

Námsráðgjöf

Helstu starfsþættir og verkefni námsráðgjafa:

- Viðtöl við nemendur vegna námslegra og persónulegra þátta
- Utanumhald og samningar vegna sértækra úrræða í námi og starfi
- Viðvera á starfsstöðvum bæði á Hvanneyri og Keldnaholti

- Samskipti við kennara og annað starfsfólk
- Þátttaka í nýnemakynningum bæði fyrir íslenska og erlenda nemendur
- Fyrirlestrar
- Fundir með kennsluskrifstofu
- Samvinna við Kvíðameðferðarstofuna
- Utanumhald námskeiðs á vegum HUGUR í HAM sem stóð nemendum LbhÍ til boða
- Samskipti við sálfræðideild HR vegna hugsanlegs samstarfs í verkefni HUGUR

Námsráðgjöf í tölum:

VORMISSERI 2022

Bókuð viðtöl **85**

Nemendatengdir tölvupóstar **400**

HAUSTMISSERI 2022

Bókuð viðtöl **65**

Nemendatengdir tölvupóstar **340**



SJÓÐIR Á VEGUM SKÓLANS



Blikastaðasjóður

Magnús Sigsteinsson fulltrúi stofnenda Blikastaðasjóðs afhenti tvo styrki til meistaranáms að upphæð 500 þús. kr. hvor, en þá hlutu Hafrún Hlinadóttir og Karen Björg Gestsdóttir. Hlutverk sjóðsins er að styrkja nemendur sem lokið hafa háskólanámi frá Landbúnaðarháskóla Íslands til framhaldsnáms erlendis eða til rannsókna í landbúnaðarvísindum eftir því sem stjórn sjóðsins ákveður. Einnig er stjórn sjóðsins heimilt að verðlauna nemendur Landbúnaðarháskólans fyrir framúrskarandi árangur á burtfararprófi.

Hafrún Hlinadóttir lauk BSc námi í búvísindum frá Landbúnaðarháskóla Íslands vorið 2018 og hóf meistaranám í búvísindum við Landbúnaðarháskólann í Noregi NMBU haustið 2021 með næringarfræði og líffræði sem sérgreinar. Hún hefur jafnframt lagt áherslu á að auka við þekkingu sína í erfðafræði, velferð, sjálfbærni og tækninýjungum í landbúnaði.

Karen Björg Gestsdóttir hefur lokið námi í búfræði og BSc námi í búvísindum frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Hún hefur starfað sem búfræðikennari við LbhÍ frá 2017. Hún hóf meistaranám sitt við Háskólann í Árósum haustið 2019. Meistaraverkefni hennar fjallar um áhrif þroska við fyrsta burð á át og afurðir á fyrsta mjaltaskeiði.



Framfarasjóður Ingibjargar Guðmundsdóttur og Þorvaldar Guðmundssonar í Síld og fisk

Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, stjórnarformaður Framfarasjóðs Ingibjargar Guðmundsdóttur og Þorvaldar Guðmundssonar í Síld og Fisk veitti Hörpu Ósk Jóhannesdóttur, doktorsnema við Landbúnaðarháskóla Íslands styrk til framhaldsnáms, að upphæð 300 þús. kr. Tilgangur sjóðsins er að styrkja nemendur Landbúnaðarháskóla Íslands til framhaldsmenntunar og að styrkja rannsóknir nemenda á fagsviði Landbúnaðarháskólans.

Harpa Ósk Jóhannesdóttir útskrifaðist sem dýralæknir frá Kaupmannahafnarháskólanum árið 2018 og hóf doktorsnám við Landbúnaðarháskóla Íslands haustið 2021. Verkefnið hennar fjallar um dauðfædda kálfa hjá fyrsta kálfs kvígum. Meginmarkmið verkefnisins er að kanna áhættuþætti kálfadauða hjá fyrsta kálfs kvígum með annars kálfs kýr til viðmiðunar. Rannsóknin fer fram á Hvanneyrabúinu þar sem fylgst er náið með hverjum burði og haldin um það nákvæm burðarskráning. Eins eru tekin blóðsýni úr kvígum og annars kálfs kúm síðasta mánuðinn fyrir burð til greiningar á meðgönguhormónum sem gætu gefið vísbendingu um gang meðgöngunnar fyrr en ella. Hjartsláttur fóstursins er einnig mældur með sónarskoðun um kvið móðurinnar til þess að tímasetja hvenær fóstrið deyr. Slíkt hefur ekki verið gert hérlendis fyrr. Komi dauður kálfur er möguleg dánarorsök rannsökuð með krufningu á Keldum.



BRAUTSKRÁNING 3. JÚNÍ 2022

Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, rektor

Kæru kándídatar, búfræðingar, starfsfólk og aðrir góðir gestir.

Það er mér sönn ánægja að bjóða ykkur velkomin til brautskráningarhátiðar Landbúnaðarháskóla Íslands 2022. Kæru kándídatar og búfræðingar, innilega til hamingju með áfangann, sem þið hafið unnið hörðum höndum að, og sem staðfestist á þessum merkisdegi með afhendingu prófskírteina.

Hugsaðu Stórt!

Þetta er yfirskrifin í auglýsingum skólans í ár. Þetta eru líka skilaboðin frá nýjum ráðherra háskóla-, iðnaðar og nýsköpunar, Áslaugu Örnú Sigurbjörnsdóttur til Landbúnaðarháskóla Íslands. Og þetta eru skilaboð Landbúnaðarháskóla Íslands til ykkar kæru kándídatar og búfræðingar.

Hugsaðu Stórt!

Fyrir þremur árum síðan setti Landbúnaðarháskóli Íslands sér stefnu til fimm ára 2019-2024. Á skólaárinu hefur áfram verið unnið markvisst að þeim markmiðum

sem sett voru fram í stefnu skólans um að efla nýsköpun, rannsóknir og kennslu á öllum námsstigum, tryggja skilvirka nýtingu innviða, efla liðsheildina og halda áfram öflugum markaðsstarfi.

Við stefnumótunarvinnuna fyrri hluta árs 2019 setti Landbúnaðarháskólinn fram tillögur til mennta- og menningarmálaráðuneytisins um þrjú stór fjárfestingarverkefni sem skólinn og ráðuneytið og síðar háskólaráðuneytið hafa síðan unnið að en þau eru kaup á jörðinni Mið-Fossum sem skólinn hefur haft á leigu frá 2006, uppbygging aðstöðu fyrir jarðræktarmiðstöð og uppbygging aðstöðu fyrir ylrækt. Þessi þrjú verkefni hlutu strax góðar undirtektir stjórnvalda. Kaup á Mið-Fossum gengu svo í gegn um síðustu áramót og ný ríkisstjórn leggur mikla áherslu á tækifærin innan jarðræktar, útiræktunar og ylræktar og áframhaldandi stuðning við skólann.

Nýr ráðherra háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarmála Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir og Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir hafa nú óskað eftir því að Landbúnaðarháskóli

Íslands setji fram áætlun til næstu 15 ára um uppbyggingu innviða skólans, náms, rannsókna og nýsköpunar. Og þar á að hugsa stórt.

Skilaboðin eru skýr! Það á að efla Landbúnaðarháskóla Íslands og starfsemi hans og þar með landbúnaðinn í landinu og íslenska matvælaframleiðslu. Það á að hugsa til framtíðar, hvernig við sem þjóð nýtum auðlindir okkar, landið, vatnið, og hreinu orkuna til sjálfbærrar framleiðslu matvæla. Það á að minnka umhverfisáhrifin, og stuðla að endurheimt vistkerfa. Og það á að huga að hönnun og skipulagi nærumhverfis í sveitum og borgum með áherslu á grænar lausnir.

Landbúnaðarháskóli Íslands snýst um matvælaframleiðslu, fæðuöryggi, loftslagsmál, heilnæmt umhverfi, hönnun þess og skipulag. Þetta eru málefni sem skipta okkur höfuðmáli, og það hefur orðið æ sýnilegra á undanförunum árum, þegar allt hið óvænta sem maður á ekki von á gerist, hamfarir, faraldrar, stríð. Áhuginn á námi við skólann hefur aukist og nemendafjöldinn í Landbúnaðarháskólanum er nú



samtals um 600 og hefur tvöfaldast frá árinu 2019. Þar ofan á bætast síðan nemendur í Endurmenntun skólans.

Tekjur úr samkeppnissjóðum hækkuðu aftur á milli ára og voru á árinu 2021 um 330 milljónir króna. Þeir fjármunir hafa nýst til uppbyggingar innviða og rannsókna, og til fjölgunar framhaldsnema, bæði í meistara- og doktorsnámi. Doktorsnemendurnir koma að og styrkja kennsluna á ýmsum sviðum og efla greinaskrif og jókst fjöldi ritrýndra greina enn milli ára.



Allar þrjár fagdeildir skólans, Ræktun & Fæða, Náttúra & Skógur og Skipulag & Hönnun hafa boðið upp á starfsmenntanám á framhaldsskólastigi, grunnnám til BSc gráðu og framhaldsnám til MSc og doktorsgráðu. Á því verður breyting næsta haust þegar starfsmenntanám Landbúnaðarháskólans á Reykjum í Ölfusi færast til Fjölbrotaskóla Suðurlands. Vil ég nota tækifærið og þakka starfsfólki og nemendum Landbúnaðarháskólans sem færast með náminu til FSu fyrir samstarfið á undanförunum árum.

Samstarf við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið var gott. Á árinu 2021 komu út fjölmargar skýrslur um rannsóknir skólans og í ágúst var undirritaður sérstakur samningur um mótun fæðuöryggisstefnu. Matvælaráðherra sem tók við verkefninu kynnti nýlega stefnuhöfundur fyrir ríkisstjórn.

Jarðræktarhópur skólans hefur haldið áfram að styrkja stöðu sína með uppbyggingu innviða og nýjum samstarfsverkefnum. Sérstök áhersla hefur verið lögð á eflingu kornræktar og er unnið að þeim málum meðal annars í samstarfi við matvælaráðuneytið.

Í ágúst síðastliðnum var undirritaður samningur við umhverfis- og auðlindaráðuneytið um metanlosun vegna iðragerjunar nautgripa. Markmið verkefnisins er að rannsaka metanlosun íslenskra mjólkurkúa og hvernig megi minnka losun frá jörturdýrum með breyttri fóðrun. Var búnaður keyptur í lok árs og hefur honum verið komið upp í Hvanneyrarfjós.

Uppbygging Hvanneyrabús hélt áfram með endurnýjun tækjabúnaðar og starfsemin þar gekk vel á skólaárinu. Með aukinni rannsóknarstarfsemi háskólans styrkist búið og starfsmenn þess taka virkan þátt í rannsóknarvinnunni.

Undirbúningur að nauðsynlegu viðhaldi og uppbyggingu á Hestbúinu er hafinn og þar er unnið að nokkrum nýjum verkefnum, m.a. hefur verið komið á samstarfsverkefni með sláturhúsinu í Borgarnesi og mötuneytinu á Hvanneyri. Það var sérlega ánægjulegt að mötuneyti skólans bauð upp á afurðir skóla-búanna í mötuneytinu í vetur.

Í lok ársins var sem fyrr segir gengið frá kaupum á jörðinni Mið-Fossum fyrir starfsemi skólans. Tryggir það grunninn undir áframhaldandi þróun hestafræðinnar og tengdar greinar, auk þess sem ný tækifæri skapast m.a. tengd umhverfisvísindum, endurheimt og ræktun lands og beitartilraunum. Sjá allar fagdeildir skólans þarna mikil tækifæri til eflingar starfseminnar.

Í vor voru tvær stórar hátíðir haldnar á Mið-Fossum, Skeifudagurinn á Sumardaginn fyrsta og útskrift úr

Reiðmanninum þann 1. maí. Voru báðir dagarnir einstaklega vel heppnaðir og kom fjöldi gesta oft um langan veg til að taka þátt í gleðinni og kom það mörgum á óvart hversu vel búin aðstaðan á Mið-Fossum er.

Endurmenntun LbhÍ hefur lagt áherslu á aukið samstarf við undirgreinar landbúnaðarins síðastliðinn vetur. Fundir hafa verið haldnir með hagaðilum til þess að ræða tillögur að nýjum námskeiðum og sumar tillögur hafa nú þegar litið dagsins ljós. Námskeiðum fjölgaði á árinu sem haldin voru í samstarfi við búnaðarsambönd, búnaðarfélög og aðra hagaðila.

Á starfsárinu var unnið að auknu samstarfi á milli Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólans á Bifröst. Í ágúst 2021 var undirrituð viljayfirlýsing um nýsköpunar- og þróunarsetur í samstarfi háskólanna. Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, þáverandi ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra undirritaði viljayfirlýsinguna fyrir hönd atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og auk þess komu að Háskóli Íslands, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Borgarbyggð, Breið þróunarfélag, Símenntunarmiðstöð Vesturlands, Hugheimar og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Síðan hafa bæst í hópinn Landsvirkjun, Orkustofnun, Íslandsstofa og Auðna tæknitorg. Í síðasta mánuði var setrið síðan formlega stofnað og ber það nafnið Gleipnir í höfuðið á galdrafjötri þeim sem Fenrisúlfrinn er bundinn með og undirstrikar möguleikana sem felast í nýsköpun.

Nýsköpun var eflid á árinu og mikil þróun í gangi víða um land sem Landbúnaðarháskólinn hefur tekið virkan þátt í. Má þar nefna starfsemi Orkideu sem stofnað var í júlí 2020 og sem dafnaði vel á árinu, stofnun Ölfus Cluster þekkingarseturs, stofnun líftæknismiðju í nýsköpunarsetri Breiðar þróunarfélags, stofnun



Nýsköpunarnets Vesturlands og ný samstarfsverkefni sem komið var á fót.

Alþjóðasamstarfið hélt áfram að eflast og dafna með fjölmörgum nýjum verkefnum á ýmsum sviðum. Ferðalög hófust að einhverju leyti aftur og Landgræðsluskólinn gat tekið á mótum nemendum á ný. Það er gaman að nefna það að í dag starfa 24 aðilar við skólann frá 15 löndum og þá eru meistaranemendur og skiptinemar ekki meðtaldir.

Framkvæmdar voru traustmælingar í samvinnu við Gallup og er ánægjulegt að segja frá því að skólinn hækkaði sig um 8% milli ára og mælist traust almennings til skólans nú 60%. Á vormánuðum 2021 var unnið að sjálfsmatsskýrslum fagdeildanna þriggja sem voru rýndar af erlendum sérfræðingum síðastliðið haust. Nú fer fram undirbúningur fyrir stofnanaúttekt Gæðaráðs íslenskra háskóla sem fram fer í haust.

Áhersla hefur verið lögð á gæðamál og ýmis umbótamál á undanförunum misserum og hélt sú vinna áfram á árinu. Loftslagsstefna var samþykkt í desember og unnið að innleiðingu grænna skrefa. Í apríl voru reglur um BSc nám og reglur um námsbrautarstjórn uppfærðar og vinna við uppfærslu reglna um akademíska starfsmenn hófst seinni hluta ársins sem voru síðan samþykktar í upphafi árs 2022. Og síðastliðinn mánudag var ný alþjóðastefna samþykkt.

Í september var unnið að viðbragðs- og rýmingaráætlun fyrir Lbhí á Keldnaholti og nú er unnið að slíkri áætlun á Hvanneyri. Í áætluninni er farið yfir öryggisbúnað byggingarinnar, viðbrögð og hlutverk mismunandi aðila við hættuástand sem og ferli rýmingar.

Brunaúttekt á Hvanneyri sem framkvæmd var í

byrjun september leiddi í ljós að bæta þarf úr ýmsum atriðum í Gamla skóla. Lokað hefur verið fyrir gistingu þar síðan, en unnið er að umbótum í samvinnu við Framkvæmdasýsluna – Ríkiseignir.

Kæru kandiðatar og búfræðingar

Það er ánægjulegt að vera með ykkur hér í dag. Þetta er ykkar stund og þetta er stór stund. Stórum áfanga í lífi ykkar lýkur með formlegum hætti í dag og nýjar áskoranir bíða handan við hornið. Heimurinn er síbreytilegur, tækifærin eru endalaus og það getur stundum verið erfitt að velja sér næstu skref. Lífið er eins og konfektkassi eins og segir í frægri bíómynd. Hafið áhrif á hvaða mola þið veljið fyrir ykkur. Verið ávallt vakandi fyrir tækifærunum í kringum ykkur og gripið þau. Hlustið á þær hugmyndir sem kvikna hjá ykkur sjálfum.

Það er kannski gott að hafa í huga ljóðið Hik eftir Þórarin Eldjárn þar sem segir:

Andartakshik
Eitt augnablik...
Og hugmyndin flaug hjá
Sem ég hefði átt að fá

Hefðbundinn landbúnaður stendur að mörgu leyti á tímamótum með nýjum áherslum í umhverfis- og loftslagsmálum, hlýnandi veðurfari, tækni framförum og breyttum neyslunum. Sumir vilja jafnvel meina að við getum ekki ímyndað okkur þær breytingar sem framundan eru á næstu árum og áratugum. Hvernig verður íslenskur landbúnaður þegar þið náðið mínum aldri?

Hvernig verður þá fjallað um landnýtingu, loftslagsmál og umhverfisvernd, tækni og nýsköpun og hvernig verður alþjóðaumhverfið?

Því er erfitt að svara en eitt er ljóst. Það verður frjósamur jarðvegur fyrir nýjar og ferskar hugmyndir sem byggja á sjálfbærri nýtingu auðlinda landsins og tryggja heilnæmt og gott umhverfi. Og það eru lítil takmörk á því hvað hugmyndaauðgi, kraftur og þekking fær áorkað þegar saman koma öflugir hópar einstaklinga með þverfaglegan bakgrunn.

Tækifærin sem þið kæru kandiðatar og búfræðingar standið frammi fyrir eru því óteljandi og lúxusvandinn að velja sér þá leið sem stendur hjartanu næst og færir manni hamingju.

Í ljóðinu VERA eftir Þórarin Eldjárn segir:

Ef alltof sjaldan ertu
En átt þann draum að sértu
Er við því eitt ráð: VERTU

Kæru kandiðatar og búfræðingar

Við erum afar stolt af árangri ykkar og óskum ykkur velfarnaðar í þeim verkefnum sem framundan eru, um leið og við þökkum fyrir góða samvinnu og samveru á undanförunum árum. Tækifærin innan ykkar sviða hafa líklega sjaldan verið jafn spennandi og nú og maður fyllist bjartsýni að sjá þennan glæsilega hóp ungs fólks sem ætlar að taka framtíðina í sínar hendur. Og eins og segir í auglýsingum Landbúnaðarháskólans sem hljómað hafa á ljósvökunum:

Hugsaðu stórt
Þá eru þér allir vegir færir
Þú skapar þína eigin framtíð
Og hefur áhrif á framtíð annarra

----- Þakka ykkur öllum fyrir samfylgdina.
Til hamingju með daginn!





BRAUTSKRÁNING

Búfræði

Ágúst Máni Ágústsson
 Belinda Margrét Birkisdóttir
 Bergur Þór Stefánsson
 Bergvin Þórir Bernharðsson
 Bjarni Freyr Gunnarsson
 Davíð Heiðmann Aðalsteinsson
 Erla Björg Björnsdóttir
 Gissur Gunnarsson
 Hákon Guðröður Bjarnason
 Héðinn Logi Gunnlaugsson
 Hrefna Björk Aronsdóttir
 Ísak Godsk Rögnvaldsson
 Jón Ómar Hannesson
 Kara Nótt Möller
 Linda Bjarnadóttir
 María Damalee Vilhjálmstöttir
 Marta Guðlaug Svavarsdóttir
 Orri Bjarnason
 Óttar Jósefsson
 Ragnheiður Ósk Sigmundsdóttir
 Sara María Ásgeirsdóttir

Sigríður Magnea Kjartansdóttir
 Sunna Skeggjadóttir
 Sunna Þórarinsdóttir
 Sverrir Geir Guðmundsson
 Tristan Darri Ingvason
 Vignir Smári Valbergsson
 Vilborg Hrund Jónsdóttir
 Þorfinnur Freyr Þórarinsson

Búfræði Fjarnám

Dagbjört Beck
 Ólöf Kristín Jónsdóttir
 Snorri Páll Harðarson
 Vilhjálmur Rósantsson

Garðyrkjuframleiðsla

Guðrún Jónína M Þórisdóttir
 Þórey Gísladóttir

Garðyrkjuframleiðsla

- **Garð- og skólgarplöntubraut**
 Aldís Björk Sigurðardóttir
 Anna Rún Þorsteinsdóttir
 Sigríður Embla Heiðmarsdóttir
 Telma Halldórsdóttir

Garðyrkjuframleiðsla - Ylrækt

Halla Sif Svansd. Hölludóttir
 Garðyrkjuframleiðsla
 Jóna Daðey Hálfðánardóttir

Skrúðgarðyrkjubraut

Davíð Helgason
 Erlendur Kári Kristjánsson
 Eyþór Páll Stefánsson
 Finnur Eiríksson
 Hersir Hallsson
 Ingibjörg Ásta Guðmundsdóttir
 Jónas Freyr Harðarson
 Monika Ewa Orłowska
 Pétur Már Gunnarsson
 Snjólaug María Wíum Jónsdóttir
 Sólborg Ósk Kragh

Búvísindi BSc

Ágústa Rut Haraldsdóttir
 Elínborg Árnadóttir
 Guðfinna Eir Þorleifsdóttir
 Hera Sól Hafsteinsdóttir
 Hrafnhildur K Jóhannsdóttir

Katrín Pétursdóttir
 Linda Rún Einarsdóttir
 Ragnheiður Hulda Jónsdóttir
 Tinna Kristjánsdóttir
 Þorgerður Gló Tómasdóttir

Hestafræði BSc

Freyja Þorvaldardóttir

Landslagsarkitektúr BSc

Ásrún Óskarsdóttir
 Ellisif Malmo Bjarnadóttir
 Hringur Hilmarsson
 Karen Lind Árnadóttir
 Lúísa Heiður Guðnadóttir
 Margrét Björnsdóttir
 Sigurlaug Herdís Friðriksdóttir
 Steinunn Baldursdóttir
 Styrmir Nielsson

Svanfríður Hallgrímsdóttir

Náttúru- og umhverfisfræði BSc

Evlalía Kolbrún Ágústsdóttir
 Freyja Ragnarsdóttir Pedersen
 Heiðrún Svala Aronsdóttir





Helmut Helgi Hinrichsen
 Ingólfur Pétursson
 Marinó Muggur Þorbjarnarson
 María Rúnarsdóttir
 Sigrún Sigurðardóttir
 Sigurgeir Thoroddsen
 Telma Valey Jóhannesdóttir

Skógræði BSc

Björg Sigurjónsdóttir
 Guðrún Sunna Jónsdóttir
 Hanna Björk Hafþórsdóttir
 Kristmundur Helgi Guðmundsson

Búvísindi, MSc

Sigurður Max Jónsson
**Endurheimt vistkerfa og sjálfbær
 landnýting, viðbótardiplóma**

Abdubakir Usmon Ugli Kushbokov
 Ackim July Dickson
 Amarachi Peace Ukoha
 Bayartulga Altankhuyag
 Binna Kipandula
 Calvin Rapa
 Dina Maldybaeva
 Dul Baatar
 Brautskráning

Erdenetuya Boldbaatar
 Gideon Asamoah
 Isaac Olupot
 Khotso Clement Monyane
 Leonard Gondwe
 Mokete Jacob Bereng
 Moselantja Rahlao
 Samuel Otim

Náttúru- og umhverfisfræði, MSc

Unurnyam Jugnee
 Brynjólfur Brynjólfsson
Skipulagsfræði, MSc
 Arwa Ahmed Hussein Al-Fadhli
 Esther Thagaard Andreasen
**Umhverfisbreytingar
 á norðurslóðum, MSc**

Alfredo Escanciano Gomez
 Eyrún Gyða Gunnlaugsdóttir
 Guðrún Guðjónsdóttir
 Magdalena Sofia Maria Folestad
 María Rún Pránderdóttir
Náttúru- og umhverfisfræði, PhD
 Sumjidmaa Sainnemekh



Guðrún Sunna Jónsdóttir var efst á BSc prófi við LbhÍ en hún var á skógræðibraut. Hér til vinstri ásamt rektor.



Halla Sif Svansd. Hölludóttir var efst á prófi í garðyrkjufræðum en hún var á ylrektarbraut. Hér til hægri ásamt starfsmenntanámstjóra.



Brautskráning af búfræðibraut og háskólabrautum frá Hjálmakletti í Borgarnesi.



Brautskráning af garðyrkjufræðibrautum frá Hveragerðiskirkju.



STARFSÁR NEMENDAFÉLAGSINS

Þorvaldur Ragnar Þorbjarnarson, formaður

Árshátíð

19. mars – Við byrjuðum árið á að hnoða í árshátíð, þrátt fyrir stuttan fyrirvara tókst það stórvel og var hún haldin í Logalandi, allir skemmtu sér vel eftir viðburðarlaus covid ár. Eftir árshátíðina var lítið um að vera þar sem stór hluti nemenda var farinn í verknám og fólk var enn að rétta úr sér eftir covid. Um sumarið kom upp sú hugmynd að standa fyrir dansleik að Rimum í Svarfaðardal þann 11. júní – fremur óvenjulegur viðburður en kom gríðarlega vel út og seldum við 300 miða, þarna mættu bæði eldri og núverandi nemendur ásamt fleirum.



Nýnemasprell

25. ágúst – hinn árlegi nýnematleikur var haldinn í ágúst til að hrista saman nemendur og gefa nýnemum tækifæri til að kynnast staðnum.

Leðjubolti

Leðjuboltinn var svo fyrsta september og heppnaðist stór vel.

Bjórbolti

22. september – léttur viðburður til gamans

Í lok september var stofnaður íþróttaklúbbur sem stóð fyrir hinum ýmsu íþróttaleikjum allan veturinn.

Halloweenball

Á Hrekkjavöku klæddu nemendur sig upp í búninga og mættu á dansleik á barnum þar sem hljómsveitin Sveitamenn spilaði og margir frábærir búningar.

Árshátíð

19. nóvember var haldin árshátíð í Þinghamri á Varmalandi. Þetta árið mætingin var í daprari kantinum en engu að síður frábær skemmtun.

Aðalfundur

15. mars – við enduðum starfsárið á aðalfundi félagsins sem haldinn var í húsnæði Landbúnaðarháskólans og var mætingin til fyrirmyndar.

Ekki má gleyma að minnst á starf félaganna

Grani var með grímutölt í október og frábæra óvissuferð í nóvember. Í janúar var haldið mjólkurtölt og í febrúar var flott gæðingamót á Mið-Fossum.

Baula bauð nemendum upp á dellubingó í nóvember og góða óvissuferð í febrúar.

Hreðjar byrjaði starfsárið á hrútaþukli á Hesti í lok september, og hið sögufræga hrútauppboð var haldið í nóvember.



ENDURMENNTUN

Áshildur Bragadóttir, endurmenntunarstjóri

Námskeiðahald Endurmenntunar Landbúnaðarháskóla Íslands (Endurmenntunar Lbhí) var fjölbreytt á árinu 2022 og áhersla lögð á breitt samráð við fagsvið búgreina, búnaðarsambönd, nýsköpunarumhverfið og aðra hagaðila.

Árangurinn sem náðist í rekstri Endurmenntunar Lbhí á árinu 2022 er án efa sá árangur sem við erum hvað stoltust af, þó margt hafi áunnist í starfseminni, líkt og fram kemur í þessari ársskýrslu. Frá upphafi hefur rekstur Endurmenntunar verið í járnnum og því mikið fagnaðarefni að skila 8 milljóna króna hagnaði á árinu 2022. Með jákvæðri rekstrarafkomu gefst Endurmenntun tækifæri til aukins svigrúm til nýsköpunar, þróunar og stefnumörkunar sem við vonum að skili sér í auknum gæðum, bættri þjónustu og fjölbreyttara námskeiðsframboði.

Á árinu 2022 voru ýmis framfaraskref tekin í þróun náms og námsframboðs og voru tæplega 80 námskeið haldin hringinn í kringum landið. Samstarf við Bændasamtökin, búnaðarsambönd, Skógræktina og Landgræðsluna var styrkt enn frekar og er Endurmenntun að jafnaði í samstarfi við um eitt hundrað aðila, fyrirtæki og stofnanir ár hvert.

Markaðs- og kynningarstarf var kröftugt á árinu og megináhersla lögð á sókn í stafrænni markaðssetningu. Þannig skiluðu herferðir á Facebook og Instagram sér í rúmlega 80 þúsund snertingum og fréttabréf Endurmenntunar náðu til rúmlega 62.000 lesenda á árinu.

Námið Reiðmaðurinn nýtur vaxandi vinsælda og aldrei hafa fleiri hafið nám í Reiðmanninum og haustið 2022, þegar 150 nemendur hófu nám á þremur námsleiðum. Randi Holaker verkefnastjóri hefur stýrt náminu af mikilli einurð og metnaði og fengið frábæra kennara til liðs við Endurmenntun, reiðkennara sem kenna verklegan hluta námsins og valda sérfræðinga sem kenna bóklegan hluta þess.

Samstarf er grundvöllur að fjölbreyttu námskeiðsframboði Endurmenntunar Lbhí og voru fjölmörg námskeið haldin í samstarfi við stofnanir, félagsamtök og atvinnulífið, þeirra á meðal atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, búnaðarfélag og búnaðarsambönd, Bændasamtökin, Félag iðn- og tæknigreina, Félag raungreinakennara í framhaldsskólum, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið, Iðuna fræðslusetur, Landvernd, MAST, Matís, matvælaráðuneytið, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarinnar, Samlíf samtök líffræðikennara, Skógræktina, símenntunarmiðstöðvar, umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, Umhverfisstofnun, Æðarræktarfélag Íslands og Vinnueftirlitið.

Endurmenntun Lbhí er með tvo fasta starfsmenn Áshildi Bragadóttur endurmenntunarstjóra og Randi Holaker verkefnastjóra. Endurmenntun nýtur fjölbreyttrar stoðþjónustu hjá Landbúnaðarháskóla Íslands, m.a. á sviði fjármála, kennslumála, markaðs- og kynningarmála og tæknimála. Fjölmargir verktakar sinna kennslu og námskeiðahaldi sem allir eru sérfræðingar á sínu fagsviði auk þess nýtur Endurmenntun ráðgjafar ýmissa hagaðila innanlands og erlendis. Starfsstöðvar Endurmenntunar Lbhí eru á Hvanneyri í Borgarfirði og á Keldnaholti í Reykjavík.

Endurmenntun Lbhí mun eftir sem áður leggja sig fram um að mæta fræðslu og endurmenntunarþörf þeirra sem áhuga hafa á landbúnaði og matvælaframleiðslu, ræktun lands, sjálfbærri nýtingu auðlinda, landslagsarkitektúr og skipulagsfræða.

Á næstu misserum er markmiðið að fjölga námskeiðum á sviði landgræðslu og skógræktar, sjálfbærrar nýtingu auðlinda og samspil samfélags og náttúruauðlinda.

Ef þú ert með hugmynd að spennandi námskeiði hvetjum við þig til að hafa sambandi við okkur með því að senda tölvupóst á netfangið endurmenntun@lbhi.is eða hringja í síma 433 5000.



MANNAUÐS- & GÆÐAMÁL

Guðmunda Smáradóttir, mannauðs- og gæðastjóri

Stofnanaúttekt

Starfsárið 2022 einkenndist að miklu leyti að undirbúningi stofnanaúttektar Lbhí. Gæðamat háskólanna byggir á rammaáætlun Gæðaráðs og felst í sjálfsmati háskólanna, stofnanaúttekt Gæðaráðs á háskólum og árlegum fundum háskólanna með Gæðaráði. Hvert úttektartímabil er 7 ár.

Rektor skipaði 9 manna stýrihóp í upphafi árs sem í sátu rektor, kennslustjóri, rannsókn- og alþjóðafulltrúi, deildarforsetar og fulltrúar deilda, upplýsinga- og skjalastjóri, mannauðs- og gæðastjóri auk fulltrúa nemenda. Stýrihópur fundaði að jafnaði á tveggja vikna fresti meðan unnið var að sjálfsmatsskýrslunni sem skilað var til Gæðaráðs í september.

Stofnanaúttektin fór fram dagana 1.-3. nóvember og fimm manna úttektarteymi erlendra sérfræðinga auk íslensks nemanda fundaði með starfsfólki, núverandi og fyrrverandi nemendum allra námsstiga sem og hagaðilum skólans. Alls voru 20 fundir haldnir með úttektaraðilum meðan á heimsókninni stóð.

Niðurstöður stofnanaúttektar voru góðar. Bent var á að Landbúnaðarháskólinn hefði bætt starfsemina mikið frá síðustu úttekt og nýtt niðurstöður úttektarinnar og ábendingar til markvissra umbóta í háskólastarfinu. Hvatt var m.a. til þess að halda uppbyggingu gæðastarfs áfram og tengja betur á milli fagdeilda Lbhí.

Umbótavinna

Unnið var að nýrri mannauðsstefnu, nýrri starfsmannahandbók sem og uppfærslu gæðahandbókar Lbhí á starfsárinu. Í gæðahandbókinni er m.a. að finna yfirlit yfir stefnur Lbhí, verklagsreglur um nám og kennslu sem og aðrar verklagsreglur sem tengjast starfi háskólans.

Áfram var lögð áhersla á að bæta heilsu- og vinnuumhverfi starfsmanna. Í samstarfi við Vinnuvernd var starfsmönnum boðið upp á heilsufarsmat sem og inflúenssprautur. Samningur við Vinnuvernd felur í sér trúnaðarlæknisþjónustu, ráðgjöf hjúkrunarfræðinga, heilsufarsmat, inflúensubólu-

setningar, samtalsmeðferð við sálfræðinga og vinnustaðaúttekt sjúkraþjálfara.

Lbhí tók þátt í Lífshlaupinu, landskeppni í hreyfingu sem og heilsu- og hvatningarverkefninu „Hjólað í vinnuna“ á árinu. Í takt við heilsuverndarstefnu býðst föstum starfsmönnum íþrótt- og samgöngustyrkur að upphæð 60.000 kr. árlega. Þá er starfsmönnum gefinn kostur á því að stunda 1 klst hreyfingu á viku á vinnutíma.

Lbhí hlaut árið 2020 vottun um að háskólinn starfræki launakerfi sem stenst kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85. Viðhaldsúttekt jafnlaunavottunar fór fram á vormánuðum þar sem engin frábrigði komu í ljós. Við Lbhí er starfandi jafnréttisnefnd sem er skipuð tveimur starfsmönnum auk fulltrúa nemanda.

Starfsþróun og félagsstarf

Haustragnaður starfsmanna Lbhí var haldinn í september í íþróttahúsinu á Hvanneyri. Ágætis mæting var frá báðum starfstöðvum.





Vísindaferð Lbhí til Amsterdam var farin dagana 5.-8. október og var þátttaka starfsmanna afar góð. Megintilgangur heimsóknarinnar var að heimsækja Wageningen háskólann sem er einn fremsti háskóli á sviði lífvísinda og landbúnaðar. Móttökur voru einstaklega góðar. Hátækni gróðurhús háskólans voru heimsótt þar sem m.a. eru stundaðar rannsóknir á áburðatilraunum, plöntukynbótum og lýsingu.

Rannsóknarstöðin Bleikswijk var heimsótt þar sem stundaðar eru garðyrkjurannsóknir í 7500 m² tilraunagróðurhúsum. Þá var starfsmönnum boðið að heimsækja stærsta jarðvegssafn heims sem hýst er í Wageningen. Fyrir utan einstaka heimsókn

til Wageningen þá var siglt um síki Amsterdam undir leiðsögn arkitekta og skipulag og byggingar borgarinnar skoðaðar.

